

Nefndarsvið Alþingis  
B.t. Brynhildur Pálmarsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 134/866*  
*komudagur 13. 2. 2009*

Reykjavík, 13. febrúar, 2009

**Efni: Umsögn FÍS um frumvarp til laga um Vátryggingastarfsemi**

**I. Almennt**

Vísað er til erindis háttvirtar viðskiptanefndar Alþingis dagsett 26. janúar 2009 þar sem óskað er umsagnar FÍS um frumvarp til laga um Vátryggingastarfsemi.

FÍS gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

**II. Annað**

Að lokum áskilur FÍS sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Félagið þakkar fyrir að til þess hafi verið leitað.

Virðingarfyllst,

---

Páll Rúnar M. Kristjánsson hdl.

Viðskiptanefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis, Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

12. mars 2009

Tilvísun: 2009010411

## Efni: Viðbótarumsögn um frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi, 225. mál heildarlög, EES-reglur

Vísað er til umsagnar Fjármálaeftirlitsins um frumvarpið, dags. 17. febrúar sl., sem send var að beiðni nefndarinnar, dags. 26. janúar.

Fjármálaeftirlitið hefur að undanfögnu unnið að innleiðingu tilskipunar nr. 2002/87/EB um viðbótareftirlit með fjármálfyrirtækjum, váttryggingafélögum og fjárfestingarfélögum í fjármálasamsteypum. Formlegri innleiðingu lauk með reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 920/2008 um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum frá 30. september 2008. Við gerð samanburðartöflu sem send er til Eftirlitsstofnunar EFTA kom í ljós að í áðurnefndri tilskipun er að finna svohljóðandi ákvæði í 28. gr.:

*3. in Article 8(2) the first subparagraph shall be replaced by the following:*

*"Member States shall require insurance undertakings to have in place adequate risk management processes and internal control mechanisms, including sound reporting and accounting procedures, in order to identify, measure, monitor and control transactions as provided for in paragraph 1 appropriately. Member States shall also require at least annual reporting by insurance undertakings to the competent authorities of significant transactions. These processes and mechanisms shall be subject to overview by the competent authorities."*

Þarna er vísað til greinar 8(2) í tilskipun 98/78 um viðbótareftirlit með váttryggingafélögum í váttryggingahópi og fellur því ákvæðið ekki undir áðurnefndar reglur Fjármálaeftirlitsins um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum. Fjármálaeftirlitið telur að einungis næstsíðasti málsliður þessarar greinar sé innleiddur í 4. mgr. 54. gr. núgildandi laga nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi. Það ákvæði er óbreytt í 4. mgr. 52. gr. frumvarpsins.


Vegna þessa vill Fjármálaeftirlitið leggja til að 4. mgr. 52. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi: "Váttryggingafélög skulu hafa til staðar viðeigandi áhættustýringarferla, innra eftirlitskerfi sem felur í sér áreiðanlega upplýsingagjöf og bókhaldsferla, til að greina, mæla og stýra viðskiptum í samræmi við 3. mgr. Árlega skulu váttryggingafélög skila Fjármálaeftirlitinu skýrslu um slík viðskipti og þá ferla og kerfi sem í notkun eru eftir nánari ákvörðun þess. Séu viðskiptin við fyrirtæki eða einstaklinga í öðrum ríkjum fer um samstarf eftirlitsstjórnvalda eftir alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að og samstarfssamningum sem Fjármálaeftirlitið gerir á grundvelli þeirra."

Þrátt fyrir að gefinn umsagnarfrestur vegna frumvarpsins sé liðinn telur Fjármálaeftirlitið mikilvægt að þessi breyting verði gerð til að ná fram viðeigandi innleiðingu á tilskipunum EES en ekki síður vegna þess að mikilvægt er að gerðar verði auknar kröfur um að viðskipti váttryggingafélaga við tengda aðila fari fram með viðeigandi hætti. Fjármálaeftirlitið biður því

nefndina góðfúslega um að taka mál þetta til athugunar.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITID



Ragnar Hafliðason



Sigurður Freyr Jónatansson

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. P 136/869  
komudagur 18.2.2009

Viðskiptanefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis, Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

17. febrúar 2009

Tilvísun: 2009010411

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi, 225. mál heildarlög, EES-reglur.

Vísað er til bréfs nefndarinnar til Fjármálaeftirlitsins, dags. 26. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar um frumvarpið. Þá er og vísað til símtals eftirlitsins og Selmu Hafliðadóttur nefndarritara 11. febrúar sl. þar sem veittur var viðbótarfretstur til að skila umsögn um frumvarpið.

Líkt og fram kemur í athugasemdum frumvarpsins var frumvarpið samið af nefnd sem viðskiptaráðherra skipaði í september 2007 í tengslum við innleiðingu á tilskipun 2005/68/EB um endurtryggingar. Samhliða því var ákveðið að ráðast í heildarendurskoðun á lögnum að fenginni reynslu við framkvæmd laganna. Nokkur nýmæli eru mikilvæg samkvæmt frumvarpinu sbr. ákvæði um þrengingu á heimildum til setu í stjórn váttryggingafélags. Markmiðið er m.a. að sporna við þröngu eignarhaldi sem einkennt hefur innlendan fjármálamarkað. Einnig má nefna breytingar á ákvæðum um meðferð virks eignarhlutar.

Fjármálaeftirlitið átti tvo fulltrúa í nefndinni. Þrátt fyrir það vill Fjármálaeftirlitið koma fram með tilteknar ábendingar og athugasemdir. Þetta er m.a. að teknu tilliti til hinna miklu erfiðleika sem fram komu á fjármálamarkaði hér á landi í lok september sl.

Með hliðsjón af ofanrituðu skal eftirfarandi getið.

### 1. Vegna heitis (yfirskriftar) 31.- 33. gr.

Fjármálaeftirlitið telur að endurskoða þurfi heiti/yfirskrift umræddra ákvæða því þau eru villandi. Eftirlitið leggur til eftirfarandi breytingar í því sambandi.

Heiti 31. gr. verði „Gjaldþol“ í stað „Gjaldþol og lágmarksgjaldþol“.

Heiti 32. gr. verði „Lágmarksgjaldþols skaðatryggingafélags“ í stað „Gjaldþol skaðatryggingafélags“.

Heiti 33. gr. verði „Lágmarksgjaldþol líftryggingafélags“ í stað „Gjaldþol líftryggingafélags“.

### 2. Vegna 4. mgr. 31. gr.

Um er að ræða of þrönga innleiðingu á ákvæði tilskipunar 98/78/EB um viðbótareftirlit með váttryggingafélögum í váttryggingasamtæðu sem er jafnramt að finna í 3. mgr. 29. gr. gildandi laga. Samkvæmt 2 mgr. 9. gr. í þeirri tilskipun eru öll dótturfélög, móðurfélög og dótturfélög móðurfélaga váttryggingafélaga talin með í útreikningi aðlagaðs gjaldþols. Það er því ekki rétt sem skilja má af 1. másl. 4. mgr. 31. gr. frumvarpsins að útreikningur aðlagaðs gjaldþols takmarkist við váttryggingafélag sem á annað váttryggingafélag að dótturfélagi.

Fjármálaeftirlitið leggur því til að 1. másl. frumvarpsins verði svohljóðandi: „Aðlagað gjaldþol váttryggingafélags, er gjaldþol þess skv. 2. mgr. að frádregnum fjárhæðum sem verða til við að sömu eignir eru taldar beint eða óbeint hjá fleiri en einum aðila, svo og öllum eignum sem verða til við gagnkvæma fjármögnun.“

### 3. Vegna 34. gr. og Ákvæðis til bráðabirgða

Í 1. mgr. 34. gr. er lagt til að lágmarksgjaldþol verði aldrei lægra en 3 milljónir evra miðað við samræmda vísitölu neysluserðs í aðildarríkjum EES frá gildinu 111,2. Þetta er breyting frá 33. gr.

gildandi laga þar sem sambærileg fjárhæð er 255 milljónir króna. Vegna vísitölubreytinga er samræmd fjárhæð á EES nú 3,2 milljónir evra. Í 9. gr. frumvarpsins er kveðið á um að fjárhæðir í evrum umreiknist í starfrækslugjaldmiðil váttryggingafélags miðað við sölugengi evru gagnvart umræddum gjaldmiðli í lok dags 31. október. Sölugengi evru gagnvart íslenskri krónu var 153,93 31. október 2008. Gildistaka nú þýðir því að lágmarksgjaldþol váttryggingafélaga sem hafa íslenska krónu sem starfrækslugjaldmiðil verði aldrei lægra en 493 milljónir króna sem er umtalsverð breyting frá gildandi lögum.

Fjármálaeftirlitið leggur því til að í ákvæði til bráðabirgða komi ný málsgrein, svohljóðandi: „Gildistöku ákvæðis 1. mgr. 34. gr. er frestað til 1. janúar 2010. Fram að þeim tíma skal lágmarksgjaldþol váttryggingafélaga aldrei vera lægra en 255 milljónir króna“.

#### 4. Vegna 3. málslíðar 1. mgr. 44. gr.

Í 3. málslíð 1. mgr. 44. gr. frumvarpsins kemur fram að „stjórnin ber ásamt framkvæmdastjóra ábyrgð á því að skipulag félagsins og innra eftirlit sé fullnægjandi og á því að félagið geti lagt fram upplýsingar sem þörf er á til eftirlits með því.“

Fjármálaeftirlitið telur mikilvægt að stjórn váttryggingafélags setji stjórnendum og starfsemi félaganna fyllri reglur til að starfa eftir, ekki bara er varðar kjarnastarfsemi í váttryggingarekstri heldur einnig fjárfestingarstarfsemi. Undir reglum um innra eftirlit og innri endurskoðun, eiga m.a. heima reglur um fjárfestingarstarfsemi, reglur um lánveitingar og útlán og reglur um viðskipti tengdra aðila.

Fjármálaeftirlitið leggur því til eftirfarandi viðbót við nefndan 3. málslíð er verði 4. málslíður: „Stjórnin skal setja reglur, sem staðfestar skulu af Fjármálaeftirlitinu, um innra eftirlit, innri endurskoðun, um fjárfestingarstarfsemi, reglur um lánveitingar og um viðskipti tengdra aðila.“


#### 5. Vegna 1. mgr. 52. gr.


Næstsíðasti málslíður 1. mgr. 52. gr. kveður á um að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að gera kröfu um hærra lágmarksgjaldþol í sérstökum tilvikum. Ákvæði um lágmarksgjaldþol váttryggingafélaga taka nær eingöngu til váttryggingastarfseminnar. Í einstaka tilvikum getur hliðarstarfsemi sem heimil er skv. 13. gr. frumvarpsins orðið verulegur hluti starfseminnar og gert þar með ákvæði um lágmarksgjaldþol ófullnægjandi. Fjármálaeftirlitið telur því nauðsynlegt að sett verði inn ákvæði sem heimili því að taka tillit til hliðarstarfsemi við útreikning lágmarksgjaldþols. Lagt er til að inn komi nýr næstsíðasti másl. 1. mgr. 52. gr., svohljóðandi: „Fjármálaeftirlitinu er jafnframt heimilt að gera kröfu um viðbótarlágmarksgjaldþol vegna hliðarstarfsemi skv. 13. gr. að teknu tilliti til eðlis starfseminnar“.

Fjármálaeftirlitið veitir fyllri upplýsingar um ofanritað ef óskað er.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

  
Ragnar Hafliðason

  
Rúnar Guðmundsson

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 136 / 865*  
*komudagur 13.2.2009*


Reykjavík, 13. febrúar 2009  
Tilvísun 111  
MKÁ

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi, 225. mál**

Vísað er til bréfs viðskiptanefndar Alþingis frá 26. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöllin) um frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi, 225. mál, heildarlög, EES-reglur.

Kauphöllin gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

Virðingarfyllst,



f.h. NASDAQ OMX Iceland hf.,  
Magnús Kristinn Ásgeirsson,  
lögfræðingur.



# RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 136/836*  
*komudagur 11. 2. 2009*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

Dagsetning  
11.02.2009

Tilvísun  
A-8  
LÖ/mb

**150 Reykjavík.**

Vísað er til erindis viðskiptanefndar Alþingis, dags. 26. janúar sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi, 225. mál, heildarlög, EES-reglur. Markmið frumvarpsins er að endurskoða gildandi lög um váttryggingastarfsemi í samræmi við innleiðingu tilskipunar 2005/68 um endurtryggingar og tilskipun 2007/44EB um eignaraðild.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún hefur engar athugasemdir fram að færa við ofangreint frumvarp.

Alþingi  
Erindi nr. P 136/816  
komudagur 11.2.2009  
Reykjavík, 11. febrúar 2009 02-2009010502  
T-ums 04/09

Alþingi, viðskiptanefnd  
vt. Brynhildur Pálmarsdóttir  
nefndarritari  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi - 225. mál., þskj. 304 - heildarlög.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 28. janúar 2009 mótttekið bréf yðar dagsett 26. sama mánaðar þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi, 225. mál, þskj. 304.

Ríkisskattstjóri telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst

Guðrún J. Jónsdóttir Skúli Eggert Þórðarson





SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA  
Icelandic Financial Services Association



## SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi,  
Viðskiptanefnd,  
Austurstræti 8 – 10,  
150 REYKJAVÍK.

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 136/868*  
*komudagur 13.2.2009*

Reykjavík 13. febrúar 2009

### Umsögn um frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi (Þskj. 304 - 225. mál)

Samtök atvinnulífsins (SA) og Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa fengið til umsagnar ofangreint mál og senda hér með sameiginlega umsögn til Viðskiptanefndar Alþingis.

Ofangreind samtök gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

#### Almennar athugasemdir

SFF og SA hafa ýmsar efnislegar athugasemdir við frumvarpið, sem einkum varða reglur þess um endurtryggingar váttryggingafélaga, ákvæði um kaup á virkum eignarhlut í váttryggingafélögum og stjórnarsetu í váttryggingafélögum.

Áskilnaður um starfsleyfi endurtryggingafélaga hefur verið í lögum um váttryggingastarfsemi frá því þau lög voru fyrst sett á Íslandi og er út af fyrir sig eðlilegur. Mörg ákvæði endurtryggingatilskipunarinnar, t.d. um gjaldþol, eru því ekki nýmæli í íslenskri löggjöf.

Einstök aðildarfélög SFF hafa athugasemdir við reglur frumvarpsins um lágmarksgjaldþol og munu koma sjónarmiðum sínum um það á framfæri við viðskiptanefnd.

Ákvæði frumvarpsins eru mörg löng og torlesin. Sem dæmi má taka að 41. gr. frumvarpsins (eignaraðild) er 17 málsgreinar. Þá er sitt á hvað hvort greinar innihalda fyrisögn eða ekki. Þetta stingur mjög í stúf við aðra nýlega löggjöf á fjármálamarkaði (sjá t.d. lög um verðbréfavíðskipti og um fjármálafyrirtæki), þar sem leitast hefur verið við að kljúfa efni laganna niður í styttri og læsilegri greinar. Væri til bóta að frumvarpið væri sniðið til samræmis við aðra lagabálka á fjármálamarkaði hvað þetta snertir.

**Aðsetur:**  
Borgartún 35  
105 Reykjavík

**Sími:**  
SA 591 00 00  
SFF 591 0400

**Bréfsími:**  
591 00 50  
591 0419

**Netfang:**  
[sa@sa.is](mailto:sa@sa.is)  
[sff@sff.is](mailto:sff@sff.is)

**Veffang:**  
[www.sa.is](http://www.sa.is)  
[www.sff.is](http://www.sff.is)

## **Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins**

- **1. gr.**

**Lagt er til að 2. og 3. málsgrein 1. gr. frv. falli niður.**

Skilgreiningarnar eru ekki í samræmi við skilgreiningar 9. gr., sbr. 10. tl. 1. mgr. 9. gr. Hugsanlega mætti bæta við 9. gr. skilgreiningu á frumtryggingastarfsemi.

- **2. gr.**

**Lagt er til að við 3. tl. 1. mgr. bætist: „sem hlotið hafa starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu.“**

Evrópufélag þurfa væntanlega starfsleyfi eins og önnur fyrirtæki áður en þau mega stunda váttryggingastarfsemi.

**Lokamálsliður 2. mgr. orðist svo: „Bundin frum- og endurtryggingafélög skulu vera hlutafélög.“**

Ákvæðinu er ætlað að taka til bæði frum- og endurtryggingafélaga og því er lagt til breytt orðalag.

- **3. gr.**

**Niðurlag 2. mgr. verði: ...ófáanleg eða illfáanleg á markaðskjörum.**

Lagt er til að orðið "eðlilegum" falli brott. Orðalagið "á eðlilegum markaðskjörum" í frumvarpinu vísar til mjög erfiðs mats, hvenær eru markaðskjör óeðlileg? Eðlileg markaðskjör t.d. á viðlagatryggingu ættu að taka mið af áhættu, en væru þá það há, að fólk á snjóflóðahættusvæðum gæti ekki keypt hana. Sama máli getur gegnt um sumar endurtryggingar, t.d. á hryðjuverkaáhættu.

- **5. gr.**

**Lagt er til að 2. og 3. mgr. falli brott.**

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins er váttryggingafélagi eingöngu heimilt að endurtryggja frumtryggingaráhættu, sbr. 1. mgr. 5. gr., annars vegar hjá endurtryggingafélagi samkvæmt 1. – 4. tl. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins, þ.e. ef váttryggingafélagið er hlutafélag með starfsleyfi hér á landi, váttryggingafélög með aðalstöðvar og starfsleyfi í ríki í EES, EFTA eða Færeyjum, Evrópufélag eða váttryggingafélag utan fyrrgreindra svæða en með útibú á Íslandi (1. másl. 2. mgr. 5. gr.), og hins vegar endurtryggingafélagi í ríki utan EES, EFTA og Færeyja ef fyrirliggjandi er samstarfssamningur um gagnkvæmt eftirlit með starfsemi endurtryggingafélaga á milli Fjármálaeftirlitsins (FME) og eftirlitsstjórnvalds í heimaríki viðkomandi endurtryggingafélags (2. másl. 2. mgr. 5. gr.).

Þótt FME hafi heimild skv. 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins til að veita undanþágu frá banni 2. másl. 2. mgr. 5. gr. er ljóst að váttryggingafélögin þurfa að reiða sig á vilja FME um hvort þeim sé heimilt að endurtryggja frumtryggingaáhættu sína t.d. í Bandaríkjunum. Undanþáguheimild gerir ráð fyrir að sérstakar aðstæður séu fyrir hendi og er því óþarflega þröng. Loks má geta þess að samkvæmt upplýsingum frá

FME hafa ekki verið gerðir samningar skv. 5. gr. frumvarps laga um váttrygginga-starfsemi við erlend stjórnvöld þar sem sérstaklega er vikið að endurtryggjendum. Verði frumvarpið samþykkt í þeirri mynd sem það er nú myndi það leiða til þess að ekki væri hægt að kaupa endurtryggingar hjá þriðja ríki fyrr en FME hefur gert samning þess efnis.

Váttryggingafélögum ætti að vera heimilt að endurtryggja frumtryggingaáhættu sína hjá váttryggingafélögum sem hafa heimilifesti annars staðar en í EES, EFTA eða Færeyjum. Það sem skiptir mestu máli í því efni er að endurtryggingafélagið hafi s.k. „rating“ hjá viðurkenndu matsfyrirtæki og uppfylli lágmarkskröfur frumtryggingafélagsins að því leyti. Slíkt „rating“ er endurskoðað með reglubundnum hætti af hálfu matsfyrirtækjanna.

Í gildandi löggjöf eru ekki beinar skorður við því að kaupa endurtryggingavernd utan EES. Þegar kemur að fjárhagslegu mati, einkum á eignum á móti váttryggingaskuld, eru hins vegar aðeins sumir endurtryggjendur viðurkenndir. Slík nálgun er eðlilegri en beint bann eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að stór fyrirtæki kunni fótum sínum sæmilegt forráð í kaupum á váttryggingum með því að láta rýmri ákvæði gilda um stóráhættu (sbr. 22. tl. 1. mgr. 9. gr.) en um váttryggingar almennings. Váttryggingafélög ættu ekki að sæta harðari forsjá.

Ekki verður séð að 2. mgr. 5. gr. eigi sér fyrirmynd í endurtryggingatilskipuninni sem verið er að lögfesta en í greininni er tiltekið að aðeins megi endurtryggja frumtryggingaáhættu hjá endurtryggingafélagi í þriðja ríki að fyrir liggja samstarfssamningur milli FME og eftirlitsstjórnvalda hins þriðja ríkis.

Endurtryggingaáhætta er í eðli sínu algerlega alþjóðleg. Það er ekki heppilegt að íslenskir váttryggjendur séu útilokaðir frá e.t.v. stórum hluta hins alþjóðlega endurtryggingamarkaðar. Ennfremur eru endurtryggjendur iðulega með starfsstöðvar í mörgum löndum og það getur verið vandi að finna út í hvaða útibúi alþjóðlegs endurtryggingafélags endurtryggingaáhættunni er í raun komið fyrir. Stór og sterk endurtryggingafélög er til að mynda að finna bæði í Asíu og Ameríku.

Það er skynsamleg áhættudreifing frumtryggingafélags að deila endurtryggingaáhættu sinni landfræðilega á aðra markaði þar sem einn og sami atburður getur haft gríðarleg áhrif á endurtryggjendur á svæðinu. Endurtrygging á venjulegum áhættum (heilum váttryggingagreinum, t.d. skipatryggingum eða slysatryggingum) fæst oft á betri kjörum með því að leita út fyrir EES með hluta hennar. Enn fremur má benda á að endurtryggingavernd samkvæmt einum samningi er iðulega skipt, fyrir milligöngu miðlara, á marga endurtryggjendur og getur þurft að leita út fyrir EES til þess að fylla samning.

Í samræmi við ofangreint verður ekki séð að rök séu fyrir takmörkunum á því hvar endurtryggingavernd er keypt.

## **9. gr.**

### **17. tl. 1. mgr.: Orðalagið „(persónutryggingum)“ falli brott.**

Orðið persónutryggingar er notað í frumvarpinu í þrengri merkingu en í lögum um váttryggingasamninga nr. 30/2004, sbr. 61. gr. þeirra laga. Persónutryggingar eru þó ekki skilgreindar beint í frumvarpinu. Óæskilegt er að orð hafi mismunandi merkingu

í þessum tvennum lögum. Orðið er notað í 1. gr., 9. gr. 1. mgr. 17. tl., 19. gr. 1. mgr. 10. tl. og 2. mgr., heiti 22. gr. og í 23. gr.

Nokkur hugtök sem notuð eru í lögnum mætti skilgreina, án þess gerð sé tillaga hér um orðalag: Endurtryggingafélag, frumtryggingafélag, váttryggingavernd. Síðasttalda orðið kemur bara fyrir í 20. tl. 1. mgr.

- **18. gr.**

**Lögð er til breyting á orðalagi 2. mgr. 18. gr.**

Skýrara væri að tala um „samráð við eftirlitsstjórnvöld í viðkomandi aðildarríkjum“ heldur en „í öðrum aðildarríkjum“ svo ljóst sé að samráðið þurfi ekki að taka til allra aðildarríkja.

- **19. gr.**

**Niðurlag 5. tl. 1. mgr. verði: sbr. 21., 22. og 23. gr.**

Vísa þarf í viðeigandi grein ef endurtryggingafélag sækir um starfsleyfi.

Vísanir úr 23. og 24. gr. í 19. gr. eru óþarfar.

- **41. gr.**

**Heiti greinarinnar verði "Leyfi til að eiga virkan eignarhlut".**

41. gr. er að verulegu leyti ný og er miklu ítarlegri en samsvarandi grein í gildandi lögum um váttryggingastarfsemi (39. gr. í lögum 60/1994). Heiti greinarinnar í frumvarpinu villir fyrir um innihald hennar.

Í greinargerð kemur fram, að ýmis ákvæði greinarinnar séu úr tilskipun 2007/44/EC. Í tilskipuninni eru ákvæðin í nokkrum greinum, sem er mun skýrara en uppsetningin í frumvarpinu, en þar eru 17 málsgreinar á fullum þrem síðum.

**1. mgr. verði orðuð eins og 1. mgr. 39. gr. í gildandi lögum.**

Orðalag gildandi laga er í betra samræmi við efnisákvæði greinarinnar heldur en orðalag frumvarpsins: Betra væri „skulu leita samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir fram“ frekar en „skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu fyrir fram um áform sín“. Eins og frumvarpið er orðuð kemur ekki fram fyrir en í 5. mgr. að FME þurfi að samþykkja kaupin. Orðalag frumvarpsins er beint úr tilskipuninni, en í samhengi við heiti greinarinnar og lengd hennar er það óheppilegt.

Málsgreinar 2-17: Lagt er til að í stað frumvarpstextans verði notuð bein þýðing á þeim tilskipunarákvæðum sem lögfesta á með greininni.

Skýr og afdráttarlaus ákvæði tilskipunarinnar um afgreiðslutíma erinda hjá FME eru ekki lögfest á fullnægjandi hátt verði frumvarpið óbreytt að lögum. Mikilvægt er, að afgreiðslutími umsókna verði sem allra stytur, ekki bara vegna kaupenda og seljenda, heldur er óvissa um eignarhald slæm fyrir váttryggingafélögin sjálf og váttryggingataka.

Í ákvæði 1. ml. 3. mgr. frumvarpsins um að FME skuli staðfesta móttöku umsóknar innan tveggja daga felst væntanlega að FME skuli vera búin að sannreyna að öll gögn

skv. 2. mgr. séu til staðar, þannig að umsóknin sé tæk til afgreiðslu. Þó vantar mikilvægt atriði: FME skal jafnframt tilkynna hvenær það hyggst ljúka við að afgreiða erindið. Afgreiðslutíminn má ekki vera lengri en 60 virkir dagar (12 vinnuvikur) skv. tilskipuninni (gr. 15a.1 í 92/49/EEC eins og henni var breytt með 2007/44/EC).

Samkvæmt frumvarpinu og tilskipuninni getur FME eigi síðar en á 50. virkum degi eftir að umsókn barst (þ.e. 2 vikum fyrir síðasta leyfilegan afgreiðsludag) kallað eftir viðbótargögnum. Afgreiðslan getur þá dregist um þann tíma sem líður þar til gögnin berast, þó ekki meira en 20 virka daga (4 vikur, í tilgreindum tilvikum 30 daga eða 6 vikur) fram yfir fyrsta tilkynntan lokadag.

Í tilskipuninni kemur fram að breytingu á lokadegi skal tilkynna með sama hætti og móttöku upphaflegrar umsóknar (gr. 15a.2) en sambærilegt ákvæði er ekki í frumvarpinu. Þá er skýrt í tilskipuninni að ákveði FME að krefjast enn frekari gagna sé það heimilt, en lengi ekki frest eftirlitsins til að afgreiða málið.

Þannig eru samkvæmt tilskipuninni 80 virkir dagar algjör hámarkstími frá því umsókn um að eignast eða auka við virkan eignarhlut berst FME, 60 hjá FME og allt að 20 dagar (eða 30 í vissum tilvikum) hjá umsækjanda við að útbúa viðbótargögn. Ekki kemur fram í frumvarpinu, að 60 daga frestur eftirlitsins sé aðeins einn, hann byrjar ekki aftur þótt krafist sé viðbótargagna né að fresturinn geti einungis einu sinni lengst um 20 daga.

Vert er að benda á í þessu sambandi að einstök aðildarríki mega ekki setja harðari ákvæði um umsóknir um eignarhald og afgreiðslu þeirra en tilskipunin kveður á um.

Loks skal tekið fram að samtökin telja ekki rétt að setja þrengri reglur um meðferð virks eignarhlutar í lög um váttryggingastarfsemi en almennt gilda um fjármálafyrirtæki.

- **44. gr.**

**Lagt er til að orðalag 43. gr. gildandi laga verði notað óbreytt.**

44. gr. frumvarpsins er ekki skýrð með vísan í löggjöf ESB og virðist því séríslensk smíð. Gjalda ber varhug við því á sviði fjármálamarkaðar gildi aðrar og strangari reglur hér á landi en í nágrannaríkjunum. Slíkt minnkar gegnsæi og skilning á íslenskum fjármálamarkaði og getur torveldað erlendar fjárfestingar hér á landi.

Í frumvarpinu eru lagðar til umfangsmiklar takmarkanir á heimildum manna til að sitja í stjórn váttryggingafélags, byggðar á öðrum störfum sem menn gegna. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu er markmiðið með þessum takmörkunum að draga úr hættu á hagsmunaárekstrum og orðsporsáhættu sem fylgt getur "kross stjórnarsetu". Ekki verður ráðið af greinargerðinni hvort ákvæði frumvarpsins séu líkleg til að ná tilgangi sínum, verði þau að lögum.

Samkvæmt 2. másl. 2. mgr. 44. gr. frumvarpsins mega stjórnarmenn í váttryggingafélagi ekki vera stjórnarmenn í öðru váttryggingafélagi eða tengdum félögum. Þetta er breyting frá núgildandi lögum og mun koma í veg fyrir að sömu aðilar sitji í stjórnnum váttryggingafélags og t.d. líftryggingafélags innan sömu samstæðu. Kross-stjórnarseta í slíkum tilvikum skapar enga hættu á hagsmunaárekstrum eða orðsporsáhættu. Slíkt fyrirkomulag hefur lengi verið við lýði

hér á landi og hefur ekki valdið neinum hagsmunaárekstrum eða öðrum vandræðum svo kunnugt sé. Þetta ákvæði er sérstaklega bagalegt þegar það er borið saman við 12. gr. frumvarpsins, þar sem fram kemur að líftryggingastarfsemi megi ekki reka með annarri frumtryggingastarfsemi. Tíðkast hefur lengi hér á landi að þótt líftryggingafélagið sé í sjálfstæðu félagi sé það rekið í nánú samstarfi við frumtryggingafélagið. Bagalegt er ef stjórnir váttryggingafélags og líftryggingafélags sem er að fullu í þess eigu þurfa að vera skipaðar mismunandi aðilum að öllu leyti. Samtökin telja þessa breytingu ekki vera til góðs fyrir íslenskan váttryggingamarkað þar sem veruleg hætta skapast á að minna hæfir einstaklingar muni skipast í stjórnir váttryggingafélaga. Mikilvægt er að stjórnir váttryggingafélaga séu skipaðar hæfum einstaklingum.

Enn fremur kemur fram í sama málslið 2. mgr. 44. gr. frumvarpsins að starfsmenn, lögmenn, endurskoðendur eða tryggingastærðfræðingar váttryggingafélags megi ekki sitja í stjórnnum annarra váttryggingafélaga eða tengdum félögum. Framangreindar röksemdir eiga að einhverju leyti einnig við um þetta ákvæði. Enn fremur er óljóst hvernig túlka beri það skilyrði frumvarpsins að lögmaður, endurskoðandi eða tryggingastærðfræðingur annars átryggingafélags eða tengdra félaga megi ekki sitja í stjórn váttryggingafélags. Ljóst er að ekki er verið að fjalla um þessa aðila sem starfsmenn enda er starfsmönnum váttryggingafélaga sérstaklega bannað að sitja í stjórnnum. Þetta þarf að skýra út nánar.

Með 2. mgr. 44. gr. frumvarpsins er verið að banna alfarið stjórnarsetu vegna tiltekinna tengsla við önnur váttryggingafélög. Þetta er mun strangara en t.d. ákvæði laga um fjármálafyrirtæki, sem nota reglur um sérstakt hæfi til að draga úr hættu á hagsmunaárekstrum, sbr. 55. gr. þeirra laga. Það verður að teljast mun vægara úrræði en að banna mönnum alfarið að sitja í stjórnnum.

Í 2. mgr. 44. gr. frumvarpsins koma orðin „tengd félög“ fyrir án þess þó að nánar sé skýrt hvaða félög það geti verið. Ekki er að finna skilgreiningu á þessu í 9. gr. frumvarpsins. Er það félag innan sömu samstæðu eða tenging gegnum hlutdeild (participation) eða önnur (t.d. non-structural) tengsl?

Athugasemdir með 44. gr. benda til þess að ákvæðið eigi að vera víðfeðmara en orðalag þess ber með sér. Þar kemur fram ráðagerð þess efnis að t.d. sömu aðilar megi ekki sitja í stjórn váttryggingafélags og fjármálafyrirtækis sem eru systurfélög. Orðalag lagagreinarinnar tekur aftur á móti aðeins til þess að stjórnarmenn váttryggingafélags megi ekki sitja í stjórn annars váttryggingafélags eða félags því tengdu, en minnst ekki á fjármálafyrirtæki innan sömu samstæðu og váttryggingafélagið. Um bagalegt misræmi er að ræða sem gæti valdið ágreiningi verði frumvarpið að lögum, ef ekkert verður aðhafst til að skýra ákvæðið nánar.

Í þessu sambandi skal bent á að eðlilegt hlýtur að teljast að hluthafi geti sett inn eigin fulltrúa í stjórn váttryggingafélags, hvort sem hann er óháður eða stjórnarmaður eða starfsmaður, til að gæta sinna hagsmuna, svo lengi sem það skapar ekki hættu á hagsmunaárekstrum.

Samkvæmt 4. másl. 2. mgr. 44. gr. frumvarpsins mega stjórnarmenn og framkvæmdastjórnar ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að þeir misnoti aðstöðu sína eða skaði félagið. Ekki er ljóst hvað nákvæmlega felst í þessu ákvæði. Hér vakna margar spurningar, t.d. um hvaða háttsemi verið er að vísa til, og veita athugasemdir við ákvæðið engin svör við þeim spurningum. Vönduð vinnubrögð

hefðu leitt til nánari skýringa í athugasemdum við ákvæði frumvarpsins. Ljóst er að mat á því hvaða háttsemi teljist gefa tilefni til að ætla að stjórnarmaður muni misnota aðstöðu sína o.fl. hlýtur að vera afar vandasamt og vandmeðfarið. Þetta vald til mats hefði þurft að vera afmarkað nánar.

Takmarkanirnar sem lagðar eru til hafa mun viðtækari áhrif á íslensk váttryggingafélög en fram kemur í skýringunum og torveldu fleira en kross stjórnarsetu. Flest váttryggingafélög á Íslandi eru í váttryggingasamstæðum þar sem takmarkanirnar hafa óheppileg áhrif.

Sem dæmi um váttryggingasamstæðu má nefna Tryggingamiðstöðina. Móðurfélagið, Tryggingamiðstöðin hf. er skaðatryggingafélag með almenna starfsemi og stjórn sem hluthafar kjósa á aðalfundi. Stjórnarmenn tengjast ekki starfsemi félagsins að öðru leyti. TM á þrjú sérhæfð íslensk váttryggingafélög að dótturfélögum. Dótturfélögin eiga ekki hlut í móðurfélaginu, krosseignarhald er ekki til staðar í váttryggingasamstæðunni. Íslensku dótturfélögin eru öll miklu minni en móðurfélagið og eðlilegt að eigendur móðurfélagsins feli starfsmönnum TM að annast alla starfsemi þeirra, þ.m.t. venjuleg stjórnarstörf. Eitt dótturfélaganna er líftryggingafélag, en lög um váttryggingastarfsemi krefjast þess að líftryggingar séu í sérstöku félagi. Eðli líftrygginga á Íslandi er þannig að líftryggingafélög verða lítil í samanburði við almenn skaðatryggingafélög, þar eð lífeyristryggingar eru að mestu á hendi lífeyrissjóða. Í framkvæmd eru líftryggingadótturfélög almennu skaðatryggingafélaganna oft eins og deildir í þeim. TM á auk þess tvö dótturfélög sem vinna eingöngu að uppgjöri á gömlum endurtryggingaskuldbindingum, en vegna orðspors þeirra félaga er nauðsynlegt að þau séu sérstök félög áfram og haldi nafni sínu. Auk þessa geta váttryggingafélög átt dótturfélög um aðra starfsemi, s.s. fjárfestingar og hliðarstarfsemi skv. 13. gr. frv.

Núverandi fyrirkomulag á stjórn dótturfélaga TM á Íslandi er að forstjóri TM situr í stjórn sem formaður, aðrir stjórnarmenn eru starfsmenn móðurfélagsins, einn af framkvæmdastjórum TM og einn sérfræðingur. Framkvæmdastjórinn er jafnframt framkvæmdastjóri dótturfélaganna í skilningi laga um váttryggingastarfsemi.

Málefni dótturfélaganna koma til kasta stjórnar móðurfélagsins sem málefni samstæðunnar, og getur stjórn móðurfélags þar lagt hinar stærri línur fyrir dótturfélögin eins og með þarf.

Fyrirkomulag málefna líftryggingadótturfélaga annarra skaðatryggingafélaga heldur en í dæminu hér að ofan getur verið svipað.

Það sama gildir um reglur um hæfi til stjórnarsetu og reglur um virkan eignarhlut að samtökin telja ekki rétt að setja strangari reglur fyrir váttryggingafélög en önnur félög á fjármálamarkaði.

- **87. gr.**

Í ljósi athugasemda við 44. gr. frumvarpsins hér að framan, þar sem lagt er til að orðalag 43. gr. gildandi laga nr. 60/1994 verði notað óbreytt, er lagt til að 13. tl. 1. mgr. 87. gr. verði felldur brott.

Fulltrúar SFF og SA eru hvenær sem er reiðubúnir að mæta á fund nefndarinnar og skýra sjónarmið sín nánar, verði þess óskað.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.

f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja



Helga Jónsdóttir hdl.



Alþingi  
Erindi nr. Þ 134/867  
komudagur 13.2.2009



Efnahagsnefnd Alþingis  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. febrúar 2009.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi, 225. mál.**

SVP-Samtök verslunar og þjónustu þakka fyrir að fá tækifæri til að gefa umsögn um frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi. Samtökin gera ekki athugasemdir við frumvarpið á þessu stigi en áskilja sér rétt til að koma að athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

F.h. SVP

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri.



Nefndasvið Alþingis  
Viðskiptanefnd  
b/t Brynhildur Pálmarsdóttir  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. febrúar 2009.

Efni: Frumvarp til laga um váttryggingarstarfsemi (225. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér heildarlög um váttryggingarstarfsemi.*

Viðskiptaráð Íslands gerir nokkrar athugasemdir við frumvarp þetta. Almennt er gerð athugasemd við framsetningu frumvarpsins en mörg ákvæði þess eru afar torlesin. Hér ber helst að nefna 41. gr. frumvarpsins sem inniheldur sautján efnismiklar málsgreinar. Þetta gengur á skjön við aðra nýlega löggjöf á fjármálamarkaði, þar sem leitast hefur verið við að aðgreina efni laganna í stutt og læsileg ákvæði.

Að auki eru gerðar athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins.

Í fyrsta lagi er gerð athugasemd við 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins sem kveður á um að váttryggingarfélögum sé óheimilt að endurtryggja í löndum utan EES nema fyrir liggja samstarfssamningur á milli FME og eftirlitsstjórnvalda í viðkomandi ríki um gagnkvæmt eftirlit með starfsemi endurtryggingarfélaga. Fyrir þessu ákvæði eru eflaust réttmætar ástæður þó ekkert sé fjallað um þær í greinargerð frumvarpsins. Það er hins vegar ljóst að endurtryggingaráhætta er alþjóðleg í eðli sínu og því íþyngjandi fyrir íslenska váttryggjendur að vera útilokaðir frá stórum hluta hins alþjóðlega endurtryggingarmarkaðar, t.a.m. í Asíu og Ameríku. Alþjóðlegir endurtryggjendur eru enn fremur með starfsstöðvar í mörgum löndum og vandi getur verið að finna út í hvaða útibúi endurtryggingaráhættan liggur í raun. Það er jafnframt skynsamleg áhættudreifing af hálfu frumtryggingarfélags að skipta endurtryggingaráhættu sinni landfræðilega á aðra markaði.

Með þessu ákvæði er íslenskum váttryggingarfélögum settar töluverðar skorður hvað endurtryggingu varðar og setur beinlínis núgildandi samninga um endurtrygginu í uppnám. Í fljótu bragði er ekki að sjá sambærilegt ákvæði í tilskipun 2005/68/EB og ekki er að finna í greinargerð frumvarpsins rökstuðning fyrir því afhverju annað fyrirkomulag eigi að gilda um íslensk váttryggingarfélög en önnur innan EES.

Undanþáguheimild 3. mgr. 5. gr. er jafnframt of þröng því ákvæðið gerir aðeins ráð fyrir að undanþága sé veitt ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Greinargerð frumvarpsins gefur engar vísbendingar um það hvers lags ástæður gætu fallið þar undir.

*Viðskiptaráð leggur til að 2. og 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins falli brott ef ljóst er að ákvæðin gangi lengra en ofangreind tilskipun.*

Viðskiptaráð gerir einnig athugasemdir við 41. gr. frumvarpsins er varðar virka eignarhluti. Rétt er að ítreka ofangreinda athugasemd um lengd og framsetningu þessa ákvæðis, sem er virkilega ábótavant. Það verður að hafa í huga að einstaklingar eiga að geta lesið, a.m.k. með sæmilega góðu móti, af ákvæðum laga hvernig þeir beri að haga sér og hvaða réttindi og skyldur hvíla á þeim. Sú hugsun virðist hafa fyrirfarist við smíði þessa ákvæðis.

*Viðskiptaráð leggur til að 41. gr. frumvarpsins verði brotin niður í fleiri og aðgengilegri ákvæði.*

Í fyrsta lagi er lagt til að orðalagi 1. mgr. 41. gr. verði breytt á þann hátt að aðili skuli leita samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir fram hyggist hann eignast virkan eignarhlut í váttryggingarfélagi. Þetta er grundvallaratriði fyrir slíkan aðila að hafa í huga og núverandi orðalag, þ.e. að tilkynna skuli fyrirfram um áform, er ekki nægilega skýrt.

*Viðskiptaráð leggur til að orðalagi 1. mgr. 41. gr. sé breytt til samræmis við ofangreint.*

Í öðru lagi er athugasemd gerð við frest FME til að afgreiða tilkynningu aðila sem hyggst eignast virkan eignarhlut. Samkvæmt tilskipuninni þá eiga eftirlitsaðilar að hámarki að hafa 80 virka daga til að afgreiða slíka tilkynningu. Samkvæmt 2. mgr. 41. gr. þá hefur FME mun rýmri tíma til að afgreiða tilkynningar af þessu tagi. Jafnframt er ekki tiltekið hvort að 20 daga fresturinn í lok málgreinarinnar geti endurnýjast ef FME óskar aftur viðbótargagna. Það er mikilvægt að afgreiðslutími FME sé sem stystur, en þó auðvitað þannig að FME hafi ráðrúm til að leggjast í þá vinnu sem nauðsynleg er, en óvissa um eignarhald getur haft slæm áhrif á váttryggingarfélagin og váttryggiendur.

*Viðskiptaráð leggur til að tímafrestur FME til að afgreiða tilkynningar um virka eignarhluti verði að fullu samræmdur tilskipuninni.*

Í þriðja lagi gerir Viðskiptaráð athugasemdir við 10. mgr. 41. gr. sem felur í sér að atkvæðisréttur aðila sem eignast eða eykur við virkan eignarhlut sinn í óþökk FME falli niður fyrir 9,99% þar til hluturinn er seldur. Í þessu sambandi má velja því upp hvort ákvæði sem þetta skerði ekki um of þegar fengin réttindi. Dæmi um þetta er t.a.m. aðili sem kaupir 6% hlut, í óþökk FME, til viðbótar við 25% eignarhlut, en slíkur aðili þarf skv. ákvæðinu að sætta sig við talsverða skerðingu á atkvæðisrétti. Vissulega eiga aðilar ávallt að hafa vaðið fyrir neðan sig og fara að tilmælum FME. Nægir hins vegar ekki að aðilar sem þessir nái ekki þeim áhrifum sem þeir ætluðu sér með fjárfestingunni og séu beittir viðurlögum? Þarf að taka af þeim réttindi sem þeir höfðu áður sem hluthafar? Hér hefði verið þörf á mun betri rökstuðningi í greingargerð frumvarpsins sem vísar aðeins til heilbrigðs og trúverðugs fjármálamarkaðar.

*Viðskiptaráð leggur til að bætt verði við greinargerð frumvarpsins umfjöllun um ástæður að baki ákvæði 10. mgr. 41. gr. Að auki ætti að skoða sambærilegt fyrirkomulag í samanburðarlöndum okkar. Ef ákvæði þetta er á skjön við sambærileg ákvæði erlendis þá leggur Viðskiptaráð til að það sé feitt brott.*

Einnig er óheppilegt að ákvæði sem þetta, sem felur í sér grundvallarbreytingar á skipan reglna um meðferð virkra eignarhluta, sé ekki afgreitt samhliða breytingum á sambærilegum ákvæðum annarra laga um fjármálafyrirtæki. Það kemur fram í greinargerð frumvarpsins að ljóst sé að breyta þurfi ákvæðum annarra laga um fjármálafyrirtæki til samræmis við þetta ákvæði. Rétt hefði verið að ráðast í þá vinnu samhliða þessari til að tryggja að sambærilegar reglur gildi um öll fjármálafyrirtæki. Með því móti hefðu þeir aðilar sem hafa hagsmuna að gæta í öðrum fjármálafyrirtækjum fengið tækifæri til að huga að þessum breytingum og koma með málefnanlegar athugasemdir.

*Viðskiptaráð leggur til að 41. gr. frumvarpsins verði felld brott og sambærilegar breytingar lagðar til samhliða breytingum á öðrum lögum er varða fjármálastarfsemi.*

Viðskiptaráð gerir jafnframt athugasemdir við 44. gr. frumvarpsins er kveður á um skipan stjórna váttryggingarféлага og hæfisskilyrði til stjórnarsetu. Ákvæðið hefur að geyma umfangsmiklar takmarkanir í þeim efnum sem miða að því að draga úr kross stjórnarsetu. Tekið er undir það sjónarmið sem fjallað er um í greinargerð frumvarpsins þar sem segir að mikilvægt sé að eignarhald og stjórnarseta skapi ekki hættu á hagsmunaárekstrum og orðsporsáhættu.

Því verður samt sem áður að halda til haga að ákvæði þetta á sér ekki hliðstæðu í fyrrgreindri tilskipun og ekki er að finna samanburð í greinargerð frumvarpsins við önnur viðlíka ákvæði í lögum annarra landa. Viðskiptaráð hefur ávallt mælt til þess að ekki sé stuðst við séríslenskar reglur, sérstaklega þegar rökstuðningur fyrir þeim er ekki veittur. Sterkar líkur eru jafnframt til þess að svipaðar breytingar séu til umræðu í nágrannalöndum okkar. Þar sem reglum um stjórnarsetu verður ekki breytt með auðveldum hætti væri mun heppilegra taka mið af alþjóðlegri þróun í þessum efnum. Að auki má telja að vilji yfirvalda standi til þess að innleiða sambærilegar breytingar í aðra löggjöf er snertir fjármálastarfsemi. Með því að bíða með ákvæði þetta þar til línur fara að skýrast í samanburðarlöndum okkar er unnt að yfirfara heildstætt löggjöf um fjármálastarfsemi með það að leiðarljósi að innleiða sambærilegar breytingar.

Einstök atriði þessa ákvæðis orka jafnframt tvímælis og krefjast nánari athugunar. Þar má nefna nefna 2. mgr. ákvæðisins sem kemur í veg fyrir stjórnarsetu vegna tengsla við önnur váttryggingarfélög. Þetta kemur í veg fyrir að sömu aðilar sitji í stjórn váttryggingarfélags og líftryggingarfélags innan sömu samstæðu, sem þurfa skv. 12. gr. frumvarpsins að vera rekin í sérstöku félagi. Félagin eru samt sem áður nátengd og markaðssókn þeirra er gjarnan samtvinnuð. Hér er gengið skör lengra en t.a.m. í 55. gr. laga um fjármálafyrirtæki sem inniheldur reglur um sérstakt hæfi til að draga úr hættum á hagsmunaárekstrum.

Að auki er upptalning 2. mgr. afar víðtæk og því verið að útiloka stóran hóp frá stjórnarsetu. Fyrir því geta verið réttmætar ástæður en gæta verður að því að ofgera ekki. Í þeim efnum verður að skoða vísan málgreinarinnar í tengd félög. Hugtakið er ekki skilgreint nánar í greinargerð frumvarpsins; er átt við félög innan sömu samstæðu, tengsl gegnum hlutdeild eða önnur tengsl? Að auki er greinargerðin talsvert víðtækari en ákvæðið sjálft, en þar er t.a.m. rætt um sömu aðilar megi ekki sitja í stjórn váttryggingarfélags og fjármálafyrirtækis sem eru systurfélög. Talsvert vantar því uppá skýrleika þessarar málsgreinar.

Jafnframt er 4. málsl. 2. mgr. ákvæðisins einkar óskýr, en þar kemur fram að stjórnarmenn megi ekki hafa sýnt af sér háttsemi „sem gefur tilefni til að ætla að þeir misnoti aðstöðu sína eða

skaði félagið“. Eins og fjallað var um hér að ofan þá verða einstaklingar að geta lesið það af lögum og reglum hvaða réttindi þeir eiga og hvaða skyldur þeir bera. Ekkert er fjallað um það í greinargerð frumvarpsins hvaða háttsemi um ræðir. Mat á slíkri háttsemi er afar vandasamt og ef ákvæðið tekur engum breytingum er ljóst að FME hefur hér tiltölulega frjálsar hendur. Slíkt tómarúm viðmiða er einungis til þess fallið að veikja stoðir jafnræðis og gagnsæis.

Auðvitað er mikilvægt að stjórnir fyrirtækja og fyrirtækin sjálf beri með sér ásýnd fagmennsku og standi fyrir trúverðugum vinnubrögðum. Það verður hins vegar aðeins gert með hæfa einstaklinga í stjórnnum þeirra. Of stífar hæfisreglur geta haft öndverð áhrif með því að minnka um of mengi hæfra einstaklinga. Að sama skapi verður að vega og meta hagsmuni af hæfisreglum og hagsmuni hluthafa af því að beita, tiltölulega óáreittir, sjálfsákvörðunarrétti sínum með því að kjósa þá fulltrúa sem þeir telja hæfir í stjórn fyrirtækjanna. Um þetta réttmæta sjónarmið er ekki fjallað í greinargerð frumvarpsins né heldur hvort hægt sé að ná sama árangri með öðrum og vægari leiðum.

*Í ljósi þess að viðbúið er að talsverðar breytingar muni verða á hæfisreglum tengdum stjórnarsetu í samanburðarlöndum okkar, í ljósi annmarka þessa ákvæðis, í ljósi töluverðs skorts á nauðsynlegum skýringum við ákvæðið og í ljósi þess að rétt væri að umræða um þessar breytingar ætti sér stað samhliða breytingum á allri löggjöf tengdri fjármálastarfsemi leggur Viðskiptaráð til að 44. gr. frumvarpsins verði felld brott.*

Að lokum vill Viðskiptaráð beina sjónum nefndarinnar og stjórnvalda að reglum um lágmarksgjaldþol sem tíðkast víða erlendis. Í mörgum löndum er váttryggingarfélögum heimilt að draga hlut endurtryggjenda í iðgjöldum frá gjaldþolshlutfalli og félögin geta þannig stillt af gjaldþol sitt með endurtryggingarsamningum sem taka tiltekin hluföll tjóna. Þar sem þetta fyrirkomulag tíðkast þá telst það eðlilegur hluti af fjárstýringu váttryggingarfélaga. Væri þessi leið farin hér gætu félögin takmarkað áhættu sína og staðist gjaldþolskröfur með minna fé en ella, sem kæmi minni váttryggingarfélögum afar vel. Að mati Viðskiptaráðs er full ástæða til að kanna þetta nánar með það að markmiði að fella heimild af þessu tagi inn í lögin.

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki óbreytt fram að ganga.**

Virðingarfyllst,

*Haraldur I. Birgisson*

---

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs

Alþingi  
Erindi nr. P 136/990  
komudagur 2.3.2009

	<b>Viðskiptaráðuneyti</b>	
	<b>Minnisblað</b>	

**Minnisblað  
Áminningar**

	<b>Áskriftir:</b>
--	-------------------

Viðtakandi: **Viðskiptanefnd Alþingis**  
Sendandi: **Viðskiptaráðuneytið**  
Dagsetning: **02.03.2009**  
Málsnúmer: **VRN07100043**  
Bréfalykill: **66.010**  
Efni: **Umsagnir um frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi**

Tilmæli ráðherra:

**Texti:**

Ráðuneytið vill þakka fyrir að fá tækifæri til þess að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum gagnvart þeim umsögnum sem borist hafa um frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi, þskj. 304 - 225. mál þingsins.

Þeir aðilar sem sendu viðskiptanefnd efnislegar tillögur eru Viðskiptaráð Íslands, Fjármálaeftirlitið og Samtök fjármálafyrirtækja og Samtök atvinnulífsins sem sendu sameiginlega umsögn. Verður hér gerð grein fyrir viðhorfum ráðuneytisins í sömu röð og efnisákvæði frumvarpsins eru:

1. gr.

SFF/SA leggja til að 2. og 3. mgr. falli brott. Þrátt fyrir ítarlegar orðskýringar í 9. gr. frumvarpsins telur ráðuneytið til bóta að í kafla um gildissvið þess sé að finna skilgreiningu á gildissviðinu. Getur það því ekki fallist á tillöguna.

2. gr.

SFF/SA leggja til að bætt verði við 3. tölul. 1. mgr. eftirfarandi: " sem hlotið hafa starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu". Ráðuneytið telur tillögu þess til bóta.

3. gr.

SFF/SA leggja til að tilvísun til eðlilegra markaðskjara verði felld brott. Með vísan til umfjöllunar í 13. aðfarargrein tilskipunar um endurtryggingar, sbr. og d-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar telur ráðuneytið að ákvæðið sé skýrara ef orðinu "eðlilegum" sé haldið inni.

5. gr.

Bæði SFF/SA og VÍ gera tillögu um að 2. og 3. mgr. 5. gr. verði felldar brott. Í rökstuðningi SFF/SA kemur fram að ákvæðið "eigi ekki" fyrirmynd í tilskipuninni. Í rökstuðningi VÍ kemur fram að ákvæðið torveldi innlendum váttryggingafélögum að afla sér endurtryggingarverndar vegna þess að endurtryggingastarfsemi sé í eðli sínu alþjóðleg.

Ráðuneytið fellst á hvorug rökin. Í fyrsta lagi tryggir tilskipunin að þjónustuveitendur (endurtryggingarfélag í þessu tilviki) lúta sama regluverki m.t.t. rekstraröryggis og að gerðar sé sömu kröfur til þeirra um gjaldþol, meðferð váttryggingaskuldar og eignir til jöfnunar á henni, svo fátt eitt sé nefnt. Tilgangurinn er því að tryggja öryggi þeirra sem nýta sér þjónustuna og um leið að þjónustuveitendur geti ekki boðið þjónustu við lægra verði á grundvelli þess að þeir búi við "afslátt" frá öryggiskröfum. Nægir í þessu samhengi að vísa til 36.-38. aðfararákvæða og VI. kafla tilskipunarinnar sjálfar. Vegna þess hversu alþjóðlegur endurtryggingamarkaðurinn er, gerir frumvarpið, sem og tilskipunin, ráð fyrir því að eftirlitsaðilar geti gert samstarfssamning við eftirlitsstjórnvöld í þriðju ríkjum. Slíkir samningar yrðu trauðla gerðir nema við þau ríki sem búa við svipaða umgjörð um starfsemi endurtryggingafélaga og gildir á Evrópska efnahagssvæðinu.

9. gr.

SFF/SA gera athugasemdir við notkun á orðinu "persónutrygging" sem er í sviga í skilgreiningunni og fullyrða að það sé notað í þrengri merkingu en í lögum um váttryggingarsamninga. Með því að setja orðið í sviga á eftir skilgreiningu á líftryggingu var það einmitt hugmynd frumvarpsins að útvíkka hugtakið líftrygging til þess að taka af allan vafa um það að þær skaðatryggingar sem almennt eru taldar til persónutrygginga falli undir hugtakanotkun frumvarpsins.

18. gr.

SFF/SA telja að tilvísun til annarra aðildarríkja geti valdið ruglingi. Ráðuneytið getur ekki fallist á að hætta sé á slíku enda er í upptalningu skv. a.-c.-lið gerð grein fyrir í hvaða tilvikum haft skal samráð.

19. gr.

SFF/SA leggja til að bætt verði við tilvísun til 23. gr. í 5. tölul. 1. mgr. Ráðuneytið bendir á að lokamálsgrein 19. gr. tekur af allan vafa um að greinin eigi við um umsóknir vegna allra tegunda váttrygginga. Óþarfi er því að hrófla við 5. tölulið 1. mgr.

31. - 33. gr.

Fjármálaeftirlitið leggur til breytingar á heitum greina. Ráðuneytið tekur undir ábendingar þessar.

Þá leggur Fjármálaeftirlitið til breytingu á 1. másl. 4. mgr. 31. gr. vegna of þröngrar túlkunar við innleiðingu á 2. mgr. 9. gr. tilskipunar um viðbótareftirlit með váttryggingafélögum í váttryggingasamstæðu, nr. 98/78/EB. Ráðuneytið tekur undir með Fjármálaeftirlitinu að sá texti sem lagður er til í umsögn þess sé til bóta.

34. gr.

Fjármálaeftirlitið leggur til bráðabirgðaákvæði vegna ákvæða 34. gr. Ráðuneytið hefur ekki efnislegar athugasemdir við tillögu Fjármálaeftirlitsins en leggur til að í stað bráðabirgðaákvæðis verði tekið á gildistöku ákvæða 34. í gildistökuákvæði frumvarpsins en ekki í sérstöku bráðabirgðaákvæði.

41. gr.

Bæði SFF/SA og VÍ gera athugasemdir við ákvæði greinarinnar. Ráðuneytið fellst ekki á ábendingar /athugasemdir þessar. Ákvæði frumvarpsins eru bein innleiðing tilskipunar ESB nr. 44/2007, eins og gerð er grein fyrir í athugasemdum frumvarpsins. Ekki er heimilt að áskilja fyrirfram samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir öflun eða aukningu á virkum eignarhlut - eins og er í gildandi lögum. Tilskipunin veitir eftirlitsstjórnvöldum aðeins heimild til þess að hafna kaupum - eða aukningu - að uppfylltum þeim skilyrðum sem tilgreind eru í frumvarpinu. Þá er misskilningur sem kemur fram í umsögn VÍ að Fjármálaeftirlitinu sé veittur rýmri frestur en tilskipunin kveður á um til þess að hafna þeim sem hyggst öðlast virkan eignarhlut. Ráðuneytið telur ákvæði 2. mgr. kveða skýrt á um að Fjármálaeftirlitið hafi að hámarki 60 daga - ef ekki er óskað viðbótarupplýsinga - sem geti farið mest upp í 80 daga ef viðbótarupplýsinga er óskað.

44. gr.

Bæði SFF/SA og VÍ gera athugasemdir við ákvæði greinarinnar. Rétt er sem fram kemur að greinin er ekki innleiðing tiltekinna ákvæða tilskipana Evrópusambandsins; kemur það enda skýrt fram í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins. Auk þess sem þar kemur fram vill ráðuneytið koma því á framfæri að þröngt eignarhald og hagsmunatengsl á innlendum fjármálamarkaði hafa einatt verið til umræðu á fundum með erlendum greiningaraðilum og úttektarmönnum, s.s. IMF. Þótt hér verði engu slegið föstu, er það umhugsunarefni hvort þessi þröngu hagsmunatengsl kunni að hafa átt sinn þátt í því hvernig mál hafa þróast á íslenskum fjármálamarkaði. Umhugsunarefni er ennfremur að hagsmunasamtök fjármálafyrirtækja og atvinnulífs skuli enn vera við sama heygarðshornið og hafa allt á hornum sér þegar stjórnvöld reyna að bregðast við kerfislegum ágöllum sem kunna að vera á regluverki fjármálageirans. Ráðuneytið telur afar mikilvægt að ákvæði frumvarpsins nái fram að ganga. Til fróðleiks skal þess getið að nefnd er að störfum um endurskoðun tiltekinna ákvæða laga um fjármálafyrirtæki. Er gert ráð fyrir að nefndin leggi til sambærilegar breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitið leggur til viðbót við 1. mgr. sem ráðuneytið styður.

52. gr.

Fjármálaeftirlitið leggur til viðbót við 1. mgr. um heimildir eftirlitsaðila til að gera ríkari kröfu um viðbótarlágmarksgjaldþol vegna hliðarstarfsemi. Ráðuneytið styður tillögu þessa.



Frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi

<p>I. KAFLI Gildissvið. Starfshættir. 1. gr. Gildissvið</p>	<p>Um 1. gr. Innleiðing endurtryggingatilskipunarinnar, nr. 2005/68/EB.</p>
<p>2. gr.</p>	<p>Um 2. gr. Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p>
<p>3. gr. Afmörkun við aðra starfsemi</p>	<p>Um 3. gr. Seinni málsgreinin er innleiðing á 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 2005/68/EB, um endurtryggingu.</p>
<p>4. gr.</p>	<p>Um 4. gr. Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p>
<p>5. gr.</p>	<p>Um 5. gr. Breytingar vegna innleiðingar á endurtryggingatilskipun.</p>
<p>6. gr.</p>	<p>Um 6. gr. Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p>
<p>7. gr.</p>	<p>Um 7. gr. Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p>
<p>II. KAFLI Skilgreining hugtaka. Mörk við aðra starfsemi. 8. gr. Skilgreining hugtaka.</p>	<p>Um 8. gr. Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p>
<p>9. gr.</p>	<p>Um 9. gr. Orðskýringar. Nýjum bætt við vegna innleiðingar</p>

	endurtryggingatilskipunarinnar.
<b>10. gr.</b>	<b>Um 10. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.
<b>11. gr.</b> <i>Mörk við aðra starfsemi.</i>	<b>Um 11. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.
<b>12. gr.</b>	<b>Um 12. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.
<b>13. gr.</b>	<b>Um 13. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.
<b>III. kafli.</b> <b>Stofnun váttryggingafélags.</b> <b>14. gr.</b> <i>Stofnun váttryggingafélags.</i>	<b>Um 14. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.
<b>15. gr.</b> <i>Stofnsamningur.</i>	<b>Um 15. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.
<b>16. gr.</b>	<b>Um 16. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.
<b>17. gr.</b>	<b>Um 17. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.
<b>IV. kafli.</b> <b>Starfsleyfi.</b> <b>18. gr.</b> <i>Starfsleyfisveitandi</i>	<b>Um 18. gr.</b> Frumvarpið leggur til töluverðar breytingar á ákvæðum um stofnun og starfsleyfi váttryggingafélags. Breytingarnar taka mið af lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, eftir því sem

	<p>unnt þykir, og lögum um hlutafélög, nr. 2/1995.</p> <p>2.-4. mgr. eru samhljóða 4.-6. mgr. 25. gr. gildandi laga og í samræmi við 14., 57. gr. og 60. gr. tilskipunar 2005/68/EB, um endurtryggingu.</p>
<p><b>19. gr.</b> <i>Umsókn</i></p>	<p><b>Um 19. gr.</b> Tengist innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar, sbr. lokamálsgrein greinarinnar.</p>
<p><b>20. gr.</b> <i>Starfsleyfi félags með sérstakan tilgang</i></p>	<p><b>Um 20. gr.</b> Innleiðing endurtryggingatilskipunarinnar.</p>
<p><b>21. gr.</b> <i>Starfsleyfi í skaðatryggingum.</i></p>	<p><b>Um 21. gr.</b> Greinin er nánast samhljóða 22. gr. í gildandi lögum. Felldar hafa verið brott tilvísanir til endurtrygginga þar sem sérstaklega er kveðið á um slíkan rekstur í 23. gr. Tengist því innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p>
<p><b>22. gr.</b> <i>Starfsleyfi í persónutryggingum</i></p>	<p><b>Um 22. gr.</b> Greinin er nánast samhljóða 23. gr. í gildandi lögum. Aðeins hafa verið felldar brott tilvísanir til endurtrygginga þar sem sérstaklega er kveðið á um slíkan rekstur í 24. gr. Tengist því innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p>
<p><b>23. gr.</b> <i>Starfsleyfi í endurtryggingum</i></p>	<p><b>Um 23. gr.</b> Greinin er innleiðing á 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2005/68/EB.</p>
<p><b>24. gr.</b> <i>Starfsleyfi í takmörkuðum endurtryggingum</i></p>	<p><b>Um 24. gr.</b> Greinin er innleiðing á 45. gr. tilskipunar 2005/68/EB.</p>
<p><b>25. gr.</b> <i>Áætlun um starfsemi váttryggingafélags.</i></p>	<p><b>Um 25. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p>
<p><b>26. gr.</b> <i>Veiting starfsleyfis</i></p>	<p><b>Um 26. gr.</b> Breyting frá gildandi lögum en tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p>

<p><b>27. gr.</b> <i>Synjun starfsleyfis.</i></p>	<p><b>Um 27. gr.</b> Breyting frá gildandi lögum en tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p>
<p><b>28. gr.</b> <i>Nýir greinaflokkar</i></p>	<p><b>Um 28. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p>
<p><b>29. gr.</b> <i>Höfuðstöðvar</i></p>	<p><b>Um 29. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p>
<p><b>30. gr.</b> <i>Vátryggingafélagaskrá.</i></p>	<p><b>Um 30. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p>
<p><b>V. kafli.</b> <b>Fjárhagsgrundvöllur.</b></p> <p><b>31. gr.</b> <i>Gjaldþol og lágmarksgjaldþol.</i></p>	<p><b>Um 31. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar. Greinin afmarkar þær fjárhæðir sem mynda grunn útreiknings á gjaldþoli og á sér samsvörun í 29. gr. gildandi laga sem innleiddi gjaldþolsreglur tilskipana sem búið er að innleiða.</p>
<p><b>32. gr.</b> <i>Gjaldþol skaðatryggingafélags.</i></p>	<p><b>Um 32. gr.</b> Þessi grein er samsvarandi 30. gr. gildandi laga auk breytinga sem eru m.a. til innleiðingar á ákvæðum 37. gr. tilskipunar 2005/68/EB, um endurtryggingu.</p> <p>Þá eru lagðar til minniháttar breytingar til samræmis við tilskipanir 2002/12/EB um breytingar á fyrstu tilskipun og líftryggingar 1979/267/EBE hvað varðar lágmarksgjaldþol líftryggingafélaga og 2202/13/EB um breytingar á fyrstu tilskipun um skaðatryggingar 1973/239/EBE hvað varðar lágmarksgjaldþol skaðatryggingafélaga, en tilskipanir þessar voru innleiddar með lögum nr. 37/2003, sem breyttu lögum nr. 60/1994.</p> <p>3. mgr. er nýmæli og inniheldur valkvætt ákvæði gildandi tilskipana sem ekki hefur verið innleitt áður. Notkun tölfræðilegra aðferða við útreikning gjaldþolskröfu er mikilvægur grundvöllur væntanlegra Solvency II reglna og er því tímabært að heimila notkun slíkra aðferða.</p> <p>Vinna við innleiðingu svokallaðrar Solvency II-tilskipunar er þegar hafin.</p>

<p><b>33. gr.</b> <i>Gjaldþol líftryggingafélags.</i></p>	<p><b>Um 33. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p>
<p><b>34. gr.</b></p>	<p><b>Um 34. gr.</b> 2. mgr. er innleiðing á valkvæðu ákvæði í 2. mgr. 40. gr. tilskipunar 2005/68/EB varðandi lágmarksgjaldþol bundinna endurtryggingafélaga.  3. mgr. er innleiðing á 6. mgr. 57. gr. og 10. mgr. 60. gr. tilskipunar 2005/68/EB sem kveður á um að lágmarksgjaldþol váttryggingafélags sem ekki er skilgreint sem endurtryggingafélag.</p>
<p><b>35. gr.</b></p>	<p><b>Um 35. gr.</b> Greinin er innleiðing á 33. gr. og 3. mgr. 58. gr. tilskipunar 2005/68/EB, sbr. og 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 87/343/EBE um breytingu, að því er varðar greiðslu- og efnDaváttryggingar, á fyrstu tilskipun 73/239/EBE um samræmingu á lögum og stjórnisýslufyrirmælum til að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga annarra en líftrygginga.</p>
<p><b>36. gr.</b> <i>Váttryggingaskuld.</i></p>	<p><b>Um 36. gr.</b> 3. mgr. er innleiðing á 3. mgr. 32. gr. tilskipunar 2005/68/EB um endurtryggingu, um tryggingar á bak við váttryggingaskuld.  4. mgr. er innleiðing á 2. mgr. 20. gr. í tilskipun 2002/83/EB um líftryggingar en þar segir að váttryggingafélög skuli upplýsa almenning um grunn og reiknireglur váttryggingaskuldar, þar á meðal um ágóðahlutdeild.</p>
<p><b>37. gr.</b></p>	<p><b>Um 37. gr.</b> 2. og 3. mgr. er innleiðing á 34. gr. tilskipunar 2005/68/EB um eignir til jöfnunar váttryggingaskuld endurtryggingafélags.  5. mgr. er innleiðing á 6. mgr. 57. gr. og 10. mgr. 60. gr. tilskipunar 2005/68/EB sem kveður á um að aðildarríki geta heimilað að váttryggingafélag sem ekki er skilgreint sem endurtryggingafélag en umfang endurtryggingastarfsemi félagsins fer yfir tiltekin mörk, uppfylli kröfur 2. mgr. en ekki 1. mgr varðandi starfsemi í endurtryggingum.</p>
<p><b>38. gr.</b></p>	<p><b>Um 38. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu</p>

	endurtryggingatilskipunarinnar.
<b>39. gr.</b>	<b>Um 39. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.
<b>40. gr.</b>	<b>Um 40. gr.</b> Greinin sem tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar felur í sér breytingu á 38. gr. gildandi laga.
<b>VI. kafli.</b> <b>Eignaraðild.</b>  <b>41. gr.</b> <i>Eignaraðild.</i>	<b>Um 41. gr.</b> Innleiðing á ákvæðum tilskipunar ESB nr. 44/2007 (Directive 2007/44/EC of the European Parliament and of the Council of 5 September 2007 amending council Directive 92/49/EEC and Directives 2002/83/EC, 2004/39/EC, 2005/68/EC and 2006/48/EC as regards procedural rules and evaluation criteria for the prudential assessment of acquisitions and increase of holdings in the financial sector).
<b>42. gr.</b>	<b>Um 42. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.
<b>43. gr.</b>	<b>Um 43. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.
<b>VII. kafli.</b> <b>Stjórn. Endurskoðun og reikningsskil.</b> <b>44. gr.</b> <i>Stjórn.</i>	<b>44. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.
<b>45. gr.</b>	<b>Um 45. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.
<b>46. gr.</b> <i>Endurskoðun og reikningsskil.</i>	<b>Um 46. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.
<b>47. gr.</b>	<b>Um 47. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu

	endurtryggingatilskipunarinnar.
<b>48. gr.</b>	<b>Um 48. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.
<b>49. gr.</b>	<b>Um 49. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.
<b>50. gr.</b>	<b>Um 50. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.
<b>VIII. kafli. Eftirlit 51. gr.</b>	<b>Um 51. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.
<b>52. gr.</b>	<b>Um 52. gr.</b> Ákvæði þriðja síðasta málslíðar 1.mgr. er innleiðing á ákvæðum 7.mgr. 1.gr. tilskipunar 2002/13/EB (Directive 2002/13/EC of the European Parliament and of the Council of 5 March 2002 amending Council Directive 73/239/EEC as regards the solvency margin requirements for non-life insurance undertakings).
<b>53. gr.</b>	<b>Um 53. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.
<b>54. gr.</b>	<b>Um 54. gr.</b> Orðalagsbreytingar í samræmi við ábendingar frá Eftirlitsstofnun EFTA. Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.
<b>55. gr.</b>	<b>Um 55. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.
<b>IX. kafli Starfsemi erlendra váttryggingafélaga hér á landi.</b>	<b>Um IX. Kafli.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.

<p><b>56. gr.</b> <i>Erlend váttryggingafélag með aðalstöðvar í aðildarríki.</i></p>	<p><b>Um 56. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar, sbr. þó orðalagsbreytingar sem leiða af innleiðingunni.</p>
<p><b>57. gr.</b></p>	<p><b>Um 57. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar, sbr. þó orðalagsbreytingar sem leiða af innleiðingunni.</p>
<p><b>58. gr.</b></p>	<p><b>Um 58. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p>
<p><b>59. gr.</b></p>	<p><b>Um 59. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p>
<p><b>60. gr.</b></p>	<p><b>Um 60. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p>
<p><b>61. gr.</b></p>	<p><b>61. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p>
<p><b>62. gr.</b></p>	<p><b>Um 62. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p>
<p><b>63. gr.</b></p>	<p><b>Um 63. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p>
<p><b>64. gr.</b></p>	<p><b>64. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p>
<p><b>65. gr.</b></p>	<p><b>Um 65. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p>
<p><b>66. gr.</b></p>	<p><b>Um 66. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu</p>



	endurtryggingatilskipunarinnar.
<b>67. gr.</b>	<b>Um 67. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.
<b>68. gr.</b>	<b>Um 68. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.
<b>X. kafli</b> <b>Erlend starfsemi váttryggingafélaga sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi</b> <b>69. gr.</b>	<b>Um 69. gr.</b> Lokamálsgreinin er til að ljúka innleiðingu á 6. mgr. 40. gr. tilskipunar 2002/83/EB, um líftryggingar, sem kveður á um tilkynningarskyldu til eftirlitsstjórnvalda við vissar forsendubreytingar.
<b>70. gr.</b>	<b>Um 70. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.
<b>71. gr.</b>	<b>Um 71. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.
<b>XI. kafli</b> <b>Yfirlýsing váttryggingastofna. Samruni félaga.</b> <b>72. gr.</b> <i>Yfirlýsing.</i>	<b>Um 72. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.
<b>73. gr.</b>	<b>Um 73. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.
<b>74. gr.</b> <i>Saruni.</i>	<b>Um 74. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.
<b>75. gr.</b>	<b>Um 75. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.

<p align="center"><b>XII. kafli</b> <b>Sérstakar ráðstafanir.</b></p> <p align="center"><b>76. gr.</b> <i>Ráðstafanir vegna ófullnægjandi gjaldþols.</i></p>	<p align="center"><b>Um 76. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p>
<p align="center"><b>77. gr.</b> <i>Endurskipulagning fjárhags.</i></p>	<p align="center"><b>Um 77. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p>
<p align="center"><b>78. gr.</b></p>	<p align="center"><b>Um 78. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p>
<p align="center"><b>79. gr.</b> <i>Afturköllun starfsleyfis.</i></p>	<p align="center"><b>Um 79. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p>
<p align="center"><b>80. gr.</b></p>	<p align="center"><b>Um 80. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p>
<p align="center"><b>81. gr.</b> <i>Félagsslit.</i></p>	<p align="center"><b>Um 81. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p>
<p align="center"><b>82. gr.</b></p>	<p align="center"><b>Um 82. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p>
<p align="center"><b>83. gr.</b></p>	<p align="center"><b>Um 83. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p>
<p align="center"><b>84. gr.</b></p>	<p align="center"><b>Um 84. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p>
<p align="center"><b>85. gr.</b></p>	<p align="center"><b>Um 85. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p>
<p align="center"><b>86. gr.</b></p>	<p align="center"><b>Um 86. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu</p>

	endurtryggingatilskipunarinnar.
<p><b>XIII. kafli</b> <b>Viðurlög.</b></p> <p><b>87. gr.</b> <i>Stjórnvaldssektir.</i></p>	<p><b>Um 87.-93. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p>
<p><b>95. gr.</b></p>	<p><b>Um 95. gr.</b> Í greininni eru taldar upp þær tilskipanir ESB sem voru innleiddar með lögum nr. 60/1994, breytingarlögum við þau lög og með frumvarpi þessu.</p>

03.03.2009/KG

**Örfá orð um frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi**

Alþingi  
Erindi nr. P 136/1023  
komudagur 3.3.2009

Upphafleg hugmynd var að verkefnið yrði afmarkað við innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar nr. 68/2005 og átti að vera búið að innleiða í **desember 2007**.

Fljótlega varð ljóst að ekki yrði komist hjá heildarendurskoðun laganna. Innleiðingin, auk fjölmargra breytinga sem gerðar hafa verið á gildandi lögum frá gildistöku þeirra, sjálfstæð lög um váttryggingamiðlun, og síðast en ekki síst vegna váttryggingarsamningalaganna frá 2004, kallaði á slíkar breytingar á gildandi lögum að ekki yrði hjá því komist að endurskoða þau í heild sinni.

Upphaflegu lögín frá 1994 innleiddu þær gerðir ESB á váttryggingasviði sem þá voru í gildi. Frá gildistöku þeirra hafa verið innleiddar þær gerðir á váttryggingasviði sem skylt hefur verið að innleiða samkvæmt EES-samningnum, nú síðast með lögum nr. 155/2007 þegar innleidd var 5. tilskipun ESB um ökutækjatrýggingar.

Þar sem tilefni frumvarps þessa er innleiðing endurtryggingatilskipunar ESB, er rétt að fara nokkrum orðum um helstu ákvæði hennar og starfsemi innlendra endurtryggingafélaga.

Lög nr. 60/1994 fjalla um váttryggingastarfsemi, bæði um frum- og endurtryggingastarfsemi. Með hugtakinu váttryggingafélag er í lögnum átt við félög sem stunda bæði frum- og endurtryggingastarfsemi. Af váttryggingafélögum með starfsleyfi í dag hefur Íslensk endurtrygging hf. ávallt starfað eingöngu í endurtryggingastarfsemi. Eftirlit með endurtryggingastarfsemi hefur hér á landi að mestu verið sambærilegt eftirliti með frumtryggingastarfsemi.

Í gildandi lögum er kveðið á um að enginn megi í atvinnuskyni stuðla að því að innlend váttryggingaráhætta sé frumtryggð annars staðar en hjá váttryggingafélögum sem hér hafa starfsleyfi. Hins vegar eru í gildandi lögum **engin takmörk** á því hvar váttryggingaráhætta er **endurtryggð**.

Í tilskipunum ESB – bæði skaða- og líftryggingatilskipunum – er að finna ákvæði um starfsemi félaga sem sérhæfa sig í frumtryggingum. Eins og áður segir hafa tilskipanir þessar verið hluti af innlendu regluverki. Því hefur ekki verið til **eiginlegt regluverk** um starfsemi sérhæfðra endurtryggingafélaga fyrr en með tilkomu tilskipunar 2005/68/EB, sem frumvarpinu er ætlað að innleiða. Tilskipun 64/225/EBE um endurtryggingar bannaði hindranir á starfsemi endurtryggingafélaga á milli ríkja í Evrópubandalaginu en kvað **ekki á um annars konar samræmingu**, s.s. hvað varðar opinbert eftirlit.

Markmiðið með tilskipun 2005/68/EB, um endurtryggingar, er því að **samræma eftirlit með endurtryggingastarfsemi og styrkja** innri markaðinn hvað varðar váttryggingastarfsemi.

Á sama hátt og í frumtryggingastarfsemi veitir starfsleyfi í endurtryggingum í einu aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins möguleika til að starfa á öllu svæðinu.

Til að vernda hagsmuni neytanda og vegna ólíkra ákvæða laga um váttryggingarsamninga á Evrópska efnahagssvæðinu þurfa frumtryggingafélög að tilkynna heimaeftirlitsstjórnvöldum sínum um fyrirætlunir um að hefja starfsemi í öðrum ríkjum svæðisins. Eftirlitsstjórnvöld heimaríkis tilkynna eftirlitsstjórnvöldum gistiríkis um starfsemina og votta að váttryggingafélagið uppfylli kröfur um lágmarksgjaldþol. Slík skilyrði eru hins vegar ekki í endurtryggingatilskipuninni.

Flest ákvæði endurtryggingatilskipunarinnar eru þó efnislega samhljóða sambærilegum ákvæðum tilskipana um skaðatryggingar og líftryggingar og felur innleiðing þeirra því í sér takmörkuð áhrif á innleiðingarákvæði gildandi laga um váttryggingastarfsemi. Helstu frávík frá ákvæðum skaða- og líftryggingatilskipana lúta að því að starfsemi með endurtryggingar er í reynd alþjóðleg.

Í athugasemdum við einstaka greinar frumvarpsins er **sérstaklega tilgreint** hvort verið sé að innleiða ákvæði endurtryggingatilskipunarinnar, gera tillögur til breytinga á gildandi ákvæðu, án þess að það tengist sérstaklega innleiðingunni, eða hvort viðkomandi grein eigi sér samsvörun í gildandi lögum.

Þetta er nefnt sérstaklega vegna þess að frumvarpið gerir nokkrar tillögur til breytinga sem hvorki tengjast innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar né eru umritun gildandi ákvæða, **þ.e. eru hrein nýmæli**.

Helstu nýmælin – önnur en þau sem tengjast innleiðingunni og nánar er gerð grein fyrir í athugasemdunum - eru:

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að íslensk váttryggingafélög skuli rekin í **hlutafélagaformi**. Gildandi lög gera bæði ráð fyrir hlutafélagaformi sem og því að unnt sé að reka váttryggingafélag sem gagnkvæmt félag, en þegar gildandi lög komu til framkvæmda voru starfandi allnokkur gagnkvæm váttryggingafélög.

Voru gagnkvæm váttryggingafélög starfandi allt fram til ársins 2003, flest á sviði bátatrygginga. Stóru gagnkvæmu váttryggingafélögin tvö, Samvinnutryggingar g.t. og Brunabótafélag Íslands, hættu eiginlegri váttryggingastarfsemi á árinu 1989 þegar váttryggingastofnar þeirra voru fluttir til nýstofnaðs hlutafélags, Váttryggingafélags Íslands hf.

Á árunum 2001 – 2003 urðu verulegar breytingar á váttryggingastarfsemi hér á landi þegar váttryggingastofnar gagnkvæmra bátaábyrgðarfélaga og Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum voru færðir yfir til annars váttryggingahlutafélags. Þá voru breytingar gerðar á Verði tryggingu er félaginu var breytt í hlutafélag. Vörður var síðasta gagnkvæma félagið á landsvísu. Það starfar nú sem hlutafélag.

Svo virðist sem gagnkvæma félagsformið dugi vart á markaði þar sem virk samkeppni er. Gagnkvæm váttryggingafélög **eiga í erfiðleikum** ef þau þurfa að bæta fjárhagsstöðu sína. Þau geta ekki líkt og hlutafélög aukið eigið fé félagsins með útgáfu nýrra hlutabréfa. Gagnkvæma félagsformið virðist einkum henta þegar um **sérhæfðar** váttryggingar er að ræða í takmörkuðum rekstri. Þá erfiðleika sem gagnkvæmu váttryggingafélögin lenti í hér á landi má fyrst og fremst rekja til vandræða þeirra við að hlúa að fjárhagslegum styrk sínum á samkeppnismarkaði.

Lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi voru samþykkt eftir gildistöku gildandi laga og ný lög um réttarsamband váttryggingartaka og váttryggingafélags – þ.e. lög um váttryggingarsamninga – gera það nauðsynlegt að afmarka betur en gildandi lög hvenær Fjármálaeftirlitið getur gripið til aðgerða og viðurlaga séu hagsmunir neytenda ekki hafðir til hliðsjónar. eru þessi ákvæði að finna í 6. gr. frumvarpsins. Áður voru efnislega sambærileg ákvæði á víð og dreif en þó einkum í 55. gr. gildandi laga.

Í samræmi við þetta leggur frumvarpið til að Fjármálaeftirlitið hafi heimild til að grípa til ráðstafana ef það telur að starfsemi váttryggingafélags sé ekki í samræmi við góða viðskiptahætti eða venjur. Fjármálaeftirlitinu ber að meta það hverju sinni hvort tilefni er til ráðstafana á grundvelli þeirra heimilda sem eftirlitið hefur.

Hefur Fjármálaeftirlitið um árabíl starfrækt upplýsinga- og leiðbeiningaþjónustu fyrir viðskiptavinum eftirlitsskyldra aðila. Þeir geta beint fyrirspurnum til eftirlitsins, ýmist almenns eðlis varðandi starfshætti eftirlitsskyldra aðila eða í tengslum við tiltekin mál.

Fjármálaeftirlitið hefur hins vegar **ekki úrskurðarvald** í einstökum ágreiningsmálum eða sker úr um réttindi og skyldur aðila að einkarétti eða ágreiningi um sönnun málsatvika. Þau úrræði sem einstaklingum og lögaðilum standa til boða til að leita réttar síns vegna einstakra viðskipta við váttryggingafélög eru Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, eftir atvikum gerðardómur, og almennir dómstólar.

Í 18. gr. frumvarpsins eru lagðar til töluverðar breytingar á ákvæðum um stofnun og starfsleyfi váttryggingafélags. Taka þær mið af lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, eftir því sem unnt þykir, og lögum um hlutafélög, nr. 2/1995. Er lagt til að Fjármálaeftirlitið **veiti starfsleyfi** váttryggingafélags en samkvæmt gildandi lögum er það viðskiptaráðherra sem veitir starfsleyfið. Er breyting þessi lögð til til samræmis við það sem gildir um önnur fjármálafyrirtæki. Af þessu leiðir að komi til starfsleyfissviptingar er það Fjármálaeftirlitið en ekki ráðherra sem tekur ákvörðun um leyfissviptingu.

Frumvarpið leggur til breytingar á ákvæðum um meðferð virks eignarhlutar. Þessi ákvæði er að finna í 41. gr. frumvarpsins. Greinin sem er að meginstofni til innleiðing tilskipunar nr. 44/2007 leggur til að atkvæðisréttur aðila sem eignast eða eykur við virkan eignarhlut þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi komist að þeirri niðurstöðu að hann sé ekki bær til þess að fara með hlutinn fari niður fyrir lágmark virks eignarhlutar og takmarkist við 9,99%. Í ljósi alvarleika þess að aðili brýtur af ásetningi gegn rökstuddri niðurstöðu eftirlitsaðila, þykir rétt að takmarka enn frekar athafnir slíkra aðila með tilliti til heilbrigðs og trúverðugs fjármálamarkaðar.

Fjármálaeftirlitið fer gaumgæfilega yfir tilkynningar aðila um að þeir hyggist eignast eða auka við virkan eignarhlut. Við þá yfirferð leitar eftirlitið staðfestingar á hæfi aðila til að fara með hlutinn og rökstyður niðurstöðu sína, komist það að þeirri niðurstöðu að aðilinn sé ekki hæfur til að fara með hlutinn.

Þá leggur frumvarpið – í 44. gr. þess – til þrengingu á heimildum til setu í stjórn váttryggingafélags. Bæði er fjölgað upptalningu þeirra laga sem væntanlegir stjórnarmenn mega ekki hafa gerst brotlegir við og eins eru þrengd skilyrði fyrir því að aðilar í hagsmunasambandi eða aðilar í hagsmunasambandi við samkeppnisaðila viðkomandi félags geti tekið sæti í stjórn. Ástæða þess að frumvarpið leggur til þessa þrengingu er gagnrýni á þröngt eignarhald á innlendum fjármálamarkaði. Er talin full ástæða til þess að stjórnvöld bregðist við slíkri gagnrýni enda skiptir trúverðugleiki fjármálamarkaðarins verulegu máli um framgang og möguleika aðila á markaði til að þróast frekar.

Í 55. gr. frumvarpsins eru lögð til ný ákvæði um gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins. Til þess að taka af allan vafa um að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum eða athugunum er talið nauðsynlegt að jákvætt ákvæði í þá veru sé í lögnum. Hugsanlegt er að lögð verði til breyting á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi sem gerir þessa grein úrelta/óþarfa.

Eins og áður segir var upphaflegi tilgangurinn með frumvarpinu að innleiða ákvæði endurtryggingatilskipunar ESB. Við nánari skoðun þótti rétt að fara gaumgæfilega yfir gildandi lög með tilliti til breytinga sem gerðar höfðu verið á þeim í gegnum tíðina og nýrra laga á þessu sviði. Á svokölluðum þakkafundi Eftirlitsstofnunar EFTA í maí á s.l. ári komu fram ábendingar um nokkur ákvæði eldri tilskipana sem stofnunin taldi að ekki hefðu verið innleidd með fullnægjandi hætti. Var unnið að þessum breytingum s.l. sumar í samráði við ESA.

Vegna ábendinga frá þingmönnum var mikil vinna lögð í það að útbúa athugasemdir um einstaka greinar frumvarpsins þannig að skilmerkilega kæmi fram hvort viðkomandi grein sé til innleiðingar á endurtryggingatilskipuninni, öðrum tilskipunum eða hvort um sé að ræða séríslensk ákvæði.

**Þskj. 304- 225. mál**  
**Frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi**

<p><b>I. KAFLI</b>  <b>Gildissvið. Starfshættir.</b>  <b>1. gr.</b>  <i>Gildissvið</i></p>	<p><b>Um 1. gr.</b></p> <p>Innleiðing endurtryggingatilskipunarinnar, nr. 2005/68/EB.</p> <p>Breytingar sem leiða af innleiðingunni.</p>
<p><b>2. gr.</b></p>	<p><b>Um 2. gr.</b></p> <p>Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p> <p>Lagðar til breytingar – felld niður heimild til að stofna gagnkvæm váttryggingafélög. Váttryggingafélög verði framvegis aðeins stofnuð sem hlutafélög .</p>
<p><b>3. gr.</b>  <i>Afmörkun við aðra starfsemi</i></p>	<p><b>Um 3. gr.</b></p> <p>Seinni málsgreinin er innleiðing á 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 2005/68/EB, um endurtryggingu.</p> <p>Að öðru leyti er ekki um efnislegar breytingar að ræða.</p>
<p><b>4. gr.</b></p>	<p><b>Um 4. gr.</b></p> <p>Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p> <p>Efnislega samhljóða 4. gr. gildandi laga.</p>
<p><b>5. gr.</b></p>	<p><b>Um 5. gr.</b></p> <p>Breytingar vegna innleiðingar á endurtryggingatilskipun.</p>
<p><b>6. gr.</b></p>	<p><b>Um 6. gr.</b></p> <p>Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p> <p>Frumvarpið leggur til breytingar sem tengjast einkum breytingum sem áður hafa verið gerðar með nýjum lögum um váttryggingarsamninga.</p>
<p><b>7. gr.</b></p>	<p><b>Um 7. gr.</b></p> <p>Tengist ekki innleiðingu</p>



	<p>endurtryggingatilskipunarinnar.</p> <p>Lagðar til breytingar sem leiða af afnámi heimildar til að stofna gagnkvæm váttryggingafélög og einföldun á ákvæðum um upplýsingar í váttryggingafélagaskrá.</p>
<p><b>II. KAFLI</b> <b>Skilgreining hugtaka. Mörk við aðra starfsemi.</b></p> <p><b>8. gr.</b> <i>Skilgreining hugtaka.</i></p>	<p><b>Um 8. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p> <p>Efnislegar samhljóða gildandi ákvæðum nema hvað bætt er við að ákvæðin gildi um starfsemi innlendra váttryggingafélaga erlendis.</p>
<p><b>9. gr.</b></p>	<p><b>Um 9. gr.</b> Orðskýringar. Nýjum bætt við vegna innleiðingar endurtryggingatilskipunarinnar.</p>
<p><b>10. gr.</b></p>	<p><b>Um 10. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p> <p>Efnislega óbreytt frá gildandi ákvæðum.</p>
<p><b>11. gr.</b> <i>Mörk við aðra starfsemi.</i></p>	<p><b>Um 11. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p> <p>Efnislega óbreytt frá gildandi ákvæðum.</p>
<p><b>12. gr.</b></p>	<p><b>Um 12. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p> <p>Efnislega óbreytt frá gildandi ákvæðum.</p>
<p><b>13. gr.</b></p>	<p><b>Um 13. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p> <p>Efnislega óbreytt frá gildandi ákvæðum.</p>
<p><b>III. kafli.</b> <b>Stofnun váttryggingafélags.</b> <b>14. gr.</b> <i>Stofnun váttryggingafélags.</i></p>	<p><b>Um 14. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p> <p>Breyting frá gildandi lögum vegna tillagna</p>

	frumvarpsins um að váttryggingafélög skuli rekin sem hlutafélög.
<b>15. gr.</b> <i>Stofnsamningur.</i>	<b>Um 15. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.  Efnislega óbreytt nema hvað varðar tillögu frumvarpsins um að váttryggingafélög skuli rekin sem hlutafélög.
<b>16. gr.</b>	<b>Um 16. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.  Einföldun frá gildandi ákvæðum um mat á eignum sem lagðar eru inn við stofnun.
<b>17. gr.</b>	<b>Um 17. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.  Einföldun frá gildandi ákvæðum í samræmi við hlutafélagalöggjöf.
<b>IV. kafli.</b> <b>Starfsleyfi.</b> <b>18. gr.</b> <i>Starfsleyfisveitandi</i>	<b>Um 18. gr.</b> Frumvarpið leggur til töluverðar breytingar á ákvæðum um stofnun og starfsleyfi váttryggingafélags. Breytingarnar taka mið af lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, eftir því sem unnt þykir, og lögum um hlutafélög, nr. 2/1995.  2.-4. mgr. eru samhljóða 4.-6. mgr. 25. gr. gildandi laga og í samræmi við 14., 57. gr. og 60. gr. tilskipunar 2005/68/EB, um endurtryggingu.
<b>19. gr.</b> <i>Umsókn</i>	<b>Um 19. gr.</b> Tengist innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar, sbr. lokamálsgrein greinarinnar.  Að öðru leyti efnislega óbreytt frá gildandi lögum.
<b>20. gr.</b> <i>Starfsleyfi félags með sérstakan tilgang</i>	<b>Um 20. gr.</b> Innleiðing endurtryggingatilskipunarinnar.
<b>21. gr.</b> <i>Starfsleyfi í skaðatryggingum.</i>	<b>Um 21. gr.</b> Greinin er nánast samhljóða 22. gr. í gildandi lögum. Felldar hafa verið brott tilvísanir til endurtrygginga þar sem sérstaklega er kveðið á um

	slíkan rekstur í 23. gr. Tengist því innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.
<b>22. gr.</b> <i>Starfsleyfi í persónutryggingum</i>	<b>Um 22. gr.</b> Greinin er nánast samhljóða 23. gr. í gildandi lögum. Aðeins hafa verið felldar brott tilvísanir til endurtrygginga þar sem sérstaklega er kveðið á um slíkan rekstur í 24. gr. Tengist því innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.
<b>23. gr.</b> <i>Starfsleyfi í endurtryggingum</i>	<b>Um 23. gr.</b> Greinin er innleiðing á 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2005/68/EB.
<b>24. gr.</b> <i>Starfsleyfi í takmörkuðum endurtryggingum</i>	<b>Um 24. gr.</b> Greinin er innleiðing á 45. gr. tilskipunar 2005/68/EB.
<b>25. gr.</b> <i>Áætlun um starfsemi vátryggingafélags.</i>	<b>Um 25. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.  Efnislega óbreytt frá gildandi lögum.
<b>26. gr.</b> <i>Veiting starfsleyfis</i>	<b>Um 26. gr.</b> Breyting frá gildandi lögum en tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.  Starfsleyfisveitandi verður Fjármálaeftirlitið en er skv. gildandi lögum viðskiptaráðherra.
<b>27. gr.</b> <i>Synjun starfsleyfis.</i>	<b>Um 27. gr.</b> Breyting frá gildandi lögum en tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar. Tengist breytingu á því hver veitir starfsleyfi.
<b>28. gr.</b> <i>Nýir greinaflokkar</i>	<b>Um 28. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.  Efnislega óbreytt frá gildandi lögum.
<b>29. gr.</b> <i>Höfuðstöðvar</i>	<b>Um 29. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.  Breyting er lögð til vegna samræmis við lög um

	fjármálafyrirtæki.
<p><b>30. gr.</b> <i>Vátryggingafélagaskrá.</i></p>	<p><b>Um 30. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p> <p>Frumvarpið leggur til einföldun á utanumhaldi skrárinnar.</p>
<p><b>V. kafli.</b> <b>Fjárhagsgrundvöllur.</b></p> <p><b>31. gr.</b> <i>Gjaldþol og lágmarksgjaldþol.</i></p>	<p><b>Um 31. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar. Greinin afmarkar þær fjárhæðir sem mynda grunn útreiknings á gjaldþoli og á sér samsvörun í 29. gr. gildandi laga sem innleiddi gjaldþolsreglur eldri tilskipana.</p>
<p><b>32. gr.</b> <i>Gjaldþol skaðatryggingafélags.</i></p>	<p><b>Um 32. gr.</b> Þessi grein er samsvarandi 30. gr. gildandi laga auk breytinga sem eru m.a. til innleiðingar á ákvæðum 37. gr. tilskipunar 2005/68/EB, um endurtryggingu.</p> <p>Þá eru lagðar til minniháttar breytingar til samræmis við tilskipanir 2002/12/EB um breytingar á fyrstu tilskipun og líftryggingar 1979/267/EBE hvað varðar lágmarksgjaldþol líftryggingafélaga og 2202/13/EB um breytingar á fyrstu tilskipun um skaðatryggingar 1973/239/EBE hvað varðar lágmarksgjaldþol skaðatryggingafélaga, en tilskipanir þessar voru innleiddar með lögum nr. 37/2003, sem breyttu lögum nr. 60/1994.</p> <p>3. mgr. er nýmæli og inniheldur valkvætt ákvæði gildandi tilskipana sem ekki hefur verið innleitt áður. Notkun tölfræðilegra aðferða við útreikning gjaldþolskröfu er mikilvægur grundvöllur væntanlegra Solvency II reglna og er því tímabært að heimila notkun slíkra aðferða.</p> <p>Vinna við innleiðingu svokallaðrar Solvency II-tilskipunar er þegar hafin.</p>
<p><b>33. gr.</b> <i>Gjaldþol líftryggingafélags.</i></p>	<p><b>Um 33. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p> <p>Eldri innleiðing sem er efnislega óbreytt frá gildandi lögum.</p>
<p><b>34. gr.</b></p>	<p><b>Um 34. gr.</b> 2. mgr. er innleiðing á valkvæðu ákvæði í 2. mgr.</p>

	<p>40. gr. tilskipunar 2005/68/EB varðandi lágmarksgjaldþol bundinna endurtryggingafélaga.</p> <p>3. mgr. er innleiðing á 6. mgr. 57. gr. og 10. mgr. 60. gr. tilskipunar 2005/68/EB sem kveður á um að lágmarksgjaldþol váttryggingafélags sem ekki er skilgreint sem endurtryggingafélag.</p>
<p><b>35. gr.</b></p>	<p><b>Um 35. gr.</b></p> <p>Greinin er innleiðing á 33. gr. og 3. mgr. 58. gr. tilskipunar 2005/68/EB, sbr. og 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 87/343/EBE um breytingu, að því er varðar greiðslu- og efndaváttryggingar, á fyrstu tilskipun 73/239/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum til að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga annarra en líftrygginga.</p>
<p><b>36. gr.</b> <i>Váttryggingaskuld.</i></p>	<p><b>Um 36. gr.</b></p> <p>3. mgr. er innleiðing á 3. mgr. 32. gr. tilskipunar 2005/68/EB um endurtryggingu, um eignir á móti váttryggingaskuld.</p> <p>4. mgr. er innleiðing á 2. mgr. 20. gr. í tilskipun 2002/83/EB um líftryggingar en þar segir að váttryggingafélög skuli upplýsa almenning um grunn og reiknireglur váttryggingaskuldar, þar á meðal um ágóðahlutdeild.</p>
<p><b>37. gr.</b></p>	<p><b>Um 37. gr.</b></p> <p>2. og 3. mgr. er innleiðing á 34. gr. tilskipunar 2005/68/EB um eignir til jöfnunar váttryggingaskuld endurtryggingafélags.</p> <p>5. mgr. er innleiðing á 6. mgr. 57. gr. og 10. mgr. 60. gr. tilskipunar 2005/68/EB sem kveður á um að aðildarríki geta heimilað að váttryggingafélag sem ekki er skilgreint sem endurtryggingafélag en umfang endurtryggingastarfsemi félagsins fer yfir tiltekin mörk, uppfylli kröfur 2. mgr. en ekki 1. mgr varðandi starfsemi í endurtryggingum.</p>
<p><b>38. gr.</b></p>	<p><b>Um 38. gr.</b></p> <p>Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p> <p>Efnislega óbreytt frá gildandi lögum.</p>
<p><b>39. gr.</b></p>	<p><b>Um 39. gr.</b></p> <p>Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p>

	Efnislega óbreytt frá gildandi lögum.
<b>40. gr.</b>	<b>Um 40. gr.</b> Greinin sem tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar og felur í sér breytingu til einföldunar á 38. gr. gildandi laga.
<b>VI. kafli.</b> <b>Eignaraðild.</b>  <b>41. gr.</b> <i>Eignaraðild.</i>	<b>Um 41. gr.</b> Innleiðing á ákvæðum tilskipunar ESB nr. 44/2007 (Directive 2007/44/EC of the European Parliament and of the Council of 5 September 2007 amending council Directive 92/49/EEC and Directives 2002/83/EC, 2004/39/EC, 2005/68/EC and 2006/48/EC as regards procedural rules and evaluation criteria for the prudential assessment of acquisitions and increase of holdings in the financial sector).
<b>42. gr.</b>	<b>Um 42. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.  Efnislega óbreytt frá gildandi lögum.
<b>43. gr.</b>	<b>Um 43. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.  Efnislega óbreytt frá gildandi lögum.
<b>VII. kafli.</b> <b>Stjórn. Endurskoðun og reikningsskil.</b> <b>44. gr.</b> <i>Stjórn.</i>	<b>44. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.  Frumvarpið leggur til breytingar sem þrengja skilyrði til stjórnarsetu.
<b>45. gr.</b>	<b>Um 45. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.  Efnislega óbreytt frá gildandi lögum.
<b>46. gr.</b> <i>Endurskoðun og reikningsskil.</i>	<b>Um 46. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.

	Efnislega óbreytt frá gildandi lögum.
<b>47. gr.</b>	<p style="text-align: center;"><b>Um 47. gr.</b></p> <p>Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p> <p>Efnislega óbreytt frá gildandi lögum.</p>
<b>48. gr.</b>	<p style="text-align: center;"><b>Um 48. gr.</b></p> <p>Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p> <p>Efnislega óbreytt frá gildandi lögum, að því undanskildu að stytur er frestur til að skila inn ársreikningi, sbr. lög um fjármálafyrirtæki.</p>
<b>49. gr.</b>	<p style="text-align: center;"><b>Um 49. gr.</b></p> <p>Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p> <p>Efnislega óbreytt frá gildandi lögum nema hvað hnykkt er á ákvæði um upplýsingaskipti á milli eftirlitsstjórnvalda.</p>
<b>50. gr.</b>	<p style="text-align: center;"><b>Um 50. gr.</b></p> <p>Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p> <p>Efnislega óbreytt frá gildandi lögum.</p>
<b>VIII. kafli. Eftirlit 51. gr.</b>	<p style="text-align: center;"><b>Um 51. gr.</b></p> <p>Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p> <p>Efnislega óbreytt frá gildandi lögum.</p>
<b>52. gr.</b>	<p style="text-align: center;"><b>Um 52. gr.</b></p> <p>Ákvæði þriðja síðasta málslíðar 1.mgr. er innleiðing á ákvæðum 7.mgr. 1.gr. tilskipunar 2002/13/EB (Directive 2002/13/EC of the European Parliament and of the Council of 5 March 2002 amending Council Directive 73/239/EEC as regards the solvency margin requirements for non-life insurance undertakings).</p> <p>Að öðru leyti efnislega óbreytt frá gildandi lögum.</p>

<p><b>53. gr.</b></p>	<p><b>Um 53. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p> <p>Snyrting en að öðru leyti efnislega óbreytt frá gildandi lögum.</p>
<p><b>54. gr.</b></p>	<p><b>Um 54. gr.</b> Orðalagsbreytingar í samræmi við ábendingar frá Eftirlitsstofnun EFTA.</p> <p>Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p>
<p><b>55. gr.</b></p>	<p><b>Um 55. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p> <p>Nýmæli um heimildir Fjármálaeftirlitsins til að upplýsa um niðurstöður mála. Hugsanlegt er að ákvæði þessi eigi betur heima í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.</p>
<p><b>IX. kafli</b> <b>Starfsemi erlendra váttryggingafélaga hér á landi.</b></p> <p><b>56. gr.</b> <i>Erlend váttryggingafélög með aðalstöðvar í aðildarríki.</i></p>	<p><b>Um IX. Kafla.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p> <p>Ekki hefur verið gerð tillaga að efnislegum breytingum á greinum þessa kafla. Í einhverjum tilvikum kann að hafa þurft að breyta orðfæri vegna aðgreiningar á frum- og endurtryggingastarfsemi og eins kann tækifærið að hafa verið nýtt til að hnika til orðalagi.</p> <p><b>Um 56. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar, sbr. þó orðalagsbreytingar sem leiða af innleiðingunni.</p> <p>Efnislega óbreytt frá gildandi lögum.</p>
<p><b>57. gr.</b></p>	<p><b>Um 57. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar, sbr. þó orðalagsbreytingar sem leiða af innleiðingunni.</p> <p>Efnislega óbreytt frá gildandi lögum.</p>
<p><b>58. gr.</b></p>	<p><b>Um 58. gr.</b></p>



	<p>Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p> <p>Efnislega óbreytt frá gildandi lögum.</p>
<b>59. gr.</b>	<p><b>Um 59. gr.</b></p> <p>Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p> <p>Efnislega óbreytt frá gildandi lögum.</p>
<b>60. gr.</b>	<p><b>Um 60. gr.</b></p> <p>Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p> <p>Efnislega óbreytt frá gildandi lögum.</p>
<b>61. gr.</b>	<p><b>61. gr.</b></p> <p>Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p> <p>Efnislega óbreytt frá gildandi lögum.</p>
<b>62. gr.</b>	<p><b>Um 62. gr.</b></p> <p>Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p> <p>Efnislega óbreytt frá gildandi lögum.</p>
<b>63. gr.</b>	<p><b>Um 63. gr.</b></p> <p>Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p> <p>Efnislega óbreytt frá gildandi lögum.</p>
<b>64. gr.</b>	<p><b>64. gr.</b></p> <p>Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p> <p>Efnislega óbreytt frá gildandi lögum.</p>
<b>65. gr.</b>	<p><b>Um 65. gr.</b></p> <p>Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p> <p>Efnislega óbreytt frá gildandi lögum.</p>

<p><b>66. gr.</b></p>	<p><b>Um 66. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.  Efnislega óbreytt frá gildandi lögum.</p>
<p><b>67. gr.</b></p>	<p><b>Um 67. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.  Efnislega óbreytt frá gildandi lögum.</p>
<p><b>68. gr.</b></p>	<p><b>Um 68. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.  Efnislega óbreytt frá gildandi lögum.</p>
<p><b>X. kafli</b> <b>Erlend starfsemi váttryggingafélaga sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi</b></p> <p><b>69. gr.</b></p>	<p>Frumvarpið leggur ekki til aðra efnisbreytingu á ákvæðum kaflans frá gildandi lögum en þá að tiltekið er að ákvæði hans eigi aðeins við um starfsemi í frumtryggingum.</p> <p><b>Um 69. gr.</b> Lokamálsgreinin er til að ljúka innleiðingu á 6. mgr. 40. gr. tilskipunar 2002/83/EB, um líftryggingar, sem kveður á um tilkynningarskyldu til eftirlitsstjórnvalda við vissar forsendubreytingar.</p>
<p><b>70. gr.</b></p>	<p><b>Um 70. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.  Efnislega óbreytt frá gildandi lögum, sbr. þó breytta skilgreiningu á aðildarríki.</p>
<p><b>71. gr.</b></p>	<p><b>Um 71. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.  Efnislega óbreytt frá gildandi lögum.</p>
<p><b>XI. kafli</b> <b>Yfirfærsla váttryggingastofna. Samruni félaga.</b></p> <p><b>72. gr.</b> <i>Yfirfærsla.</i></p>	<p><b>Um 72. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.  Efnislega óbreytt frá gildandi lögum.</p>

<p><b>73. gr.</b></p>	<p><b>Um 73. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.  Efnislega óbreytt frá gildandi lögum.</p>
<p><b>74. gr.</b> <i>Samruni.</i></p>	<p><b>Um 74. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.  Smávægileg breyting sem lýtur að hliðarstarfsemi en að öðru leyti efnislega óbreytt frá gildandi lögum.</p>
<p><b>75. gr.</b></p>	<p><b>Um 75. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.  Efnislega óbreytt frá gildandi lögum.</p>
<p><b>XII. kafli</b> <b>Sérstakar ráðstafanir.</b></p> <p><b>76. gr.</b> <i>Ráðstafanir vegna ófullnægjandi gjaldþols.</i></p>	<p>Ákvæði þessa kafla, þó að teknu tilliti til þess að Fjármálaeftirlitið en ekki viðskiptaráðherra sé starfsleyfisveitandi, eru efnislega óbreytt frá gildandi lögum.</p> <p><b>Um 76. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.  Efnislega óbreytt frá gildandi lögum.</p>
<p><b>77. gr.</b> <i>Endurskipulagning fjárhags.</i></p>	<p><b>Um 77. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.  Efnislega óbreytt frá gildandi lögum.</p>
<p><b>78. gr.</b></p>	<p><b>Um 78. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.  Efnislega óbreytt frá gildandi lögum.</p>
<p><b>79. gr.</b> <i>Afturköllun starfsleyfis.</i></p>	<p><b>Um 79. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p>

	Efnislega óbreytt frá gildandi lögum (annar starfsleyfisveitandi og starfsleyfissviptandi).
<b>80. gr.</b>	<b>Um 80. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.  Efnislega óbreytt frá gildandi lögum.
<b>81. gr.</b> <i>Félagsslit.</i>	<b>Um 81. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.  Frumvarpið leggur til breytingar á sambærilegum ákvæðum gildandi laga. Lagt er til að Fjármálaeftirlitið skipi skilastjórn; lagt er til að kostnaður við bússkipti greiðist af búinu og lagt er til að Fjármálaeftirlitið sé undanþegið framlagningu tryggingar við búskipti.
<b>82. gr.</b>	<b>Um 82. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.  Smávægileg breyting um birtingu tilkynningar en að öðru leyti fnislega óbreytt frá gildandi lögum.
<b>83. gr.</b>	<b>Um 83. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.  Smávægileg breyting um birtingu tilkynningar en að öðru leyti fnislega óbreytt frá gildandi lögum.
<b>84. gr.</b>	<b>Um 84. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.  Smávægileg breyting um birtingu tilkynningar en að öðru leyti fnislega óbreytt frá gildandi lögum.
<b>85. gr.</b>	<b>Um 85. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.  Efnislega óbreytt frá gildandi lögum.

<p><b>86. gr.</b></p>	<p><b>Um 86. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.  Efnislega óbreytt frá gildandi lögum.</p>
<p><b>XIII. kafli</b> <b>Viðurlög.</b></p> <p><b>87. gr.</b> <i>Stjórnvaldssektir.</i></p>	<p>Engar efnislegar breytingar. Breytingar varða aðeins breytingu á greinanúmerum frumvarpsins versus gildandi lög.</p> <p><b>Um 87.-93. gr.</b> Tengist ekki innleiðingu endurtryggingatilskipunarinnar.</p>
<p><b>95. gr.</b></p>	<p><b>Um 95. gr.</b> Í greininni eru taldar upp þær tilskipanir ESB sem voru innleiddar með lögum nr. 60/1994, breytingarlögum við þau lög og með frumvarpi þessu.</p>

Alþingi  
Erindi nr. P 136/1099  
komudagur 9.3.2009



Viðskiptanefnd Alþingis  
Alþingishúsinu v/Austurvöll  
150 Reykjavík

Reykjavík 02.03.2009

**Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi (pskj. 304- 225. mál)**

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp nýrra heildarlaga um váttryggingastarfsemi. Lög um váttryggingastarfsemi er ein af grundvallarlöggjöfum á íslenskum fjármálamarkaði enda snertir váttryggingastarfsemi nær öll heimili og atvinnurekstur í landinu. Mikilvægt er því að vel takist til við gerð á nýju regluverki um starfsemi váttryggingafélaga.

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hefur sent umsögn sína um frumvarpið til Viðskiptanefndar Alþingis. Vörður tryggingar hf. er aðili að SFF og tekur því undir umsögn og athugasemdir SFF. Eigi að síður telur undirritaður að ástæða sé til að koma frekari athugasemdum Varðar trygginga hf. á framfæri við löggjafann.

**1. Lágmarksgjaldþol váttryggingafélags sem sett er í löggjöf um váttryggingastarfsemi skiptir minni váttryggingafélög mjög miklu máli. Eins og sagan hefur sýnt eru miklar aðgangshindranir inn á íslenska váttryggingamarkaðinn. Fyrir hendi eru stór váttryggingafélög með gróin rekstur. Samkeppni við þessi grónu félög er afar erfið. Váttryggingastarfsemi er fjárfrekur rekstur og því verða ný váttryggingafélög að hafa verulegt fjárhagslegt bolmagn til þess að koma inn á markaðinn. Langan tíma tekur að byggja upp nauðsynlega stærð af váttryggingaviðskiptum til þess að rekstur váttryggingafélags geti verið hagkvæmur. Fjárfestar þurfa því að vera mjög þolinmóðir með fjármagn sitt í nýju váttryggingafélagi.**

Það leiðir af hlutarins eðli að í allmörg ár myndi nýtt váttryggingafélag, í nær öllum tilfellum, miða starfsemi sína við lágmarksgjaldþol eins og það er skilgreint í lögum um váttryggingastarfsemi. Nauðsynlegt er því að þetta lágmarksgjaldþol sé nákvæmlega þekkt og hægt að byggja rekstraráætlanir í kring um það gjaldþol.

Í 1. mgr. 34. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lágmarksgjaldþol sé 3 milljónir Evra í stað ISK 255.000.000.- eins og í núgildandi lögum. Þar sem starfsemi íslenskra váttryggingafélaga í innlendri starfsemi á sér eingöngu stað í íslenskum krónum er mikið óhagræði af því að miða lágmarksgjaldþol við erlenda mynt. Þetta þýðir að lágmarksgjaldþol er sífellt á floti eftir gengi íslensku krónunnar og váttryggingafélag sem starfar samkvæmt lágmarksgjaldþoli getur brostið starfsgrundvöll á einni nóttu vegna breytinga á gengi íslensku krónunnar. Það yrði afar vandlifað fyrir minni váttryggingafélög að starfa undir þessum skilyrðum og í raun þyrfti mikið meira

lágmarksfé í íslenskum krónum til rekstrarins heldur en nemur lágmarksgjaldþoli svo borð sé fyrir báru vegna gengisbreytinga.

Því vill undirritaður fara þess á leit við hið Alþingi að kannað verði hvort hægt sé að binda lágmarksgjaldþol íslensks váttryggingafélags í íslenskum krónum, a.m.k. ef félagið stundar eingöngu innlenda starfsemi.

**2.** Á íslenska váttryggingamarkaðinum hafa lengi starfað lítil líftryggingafélög. Íslensk líftryggingastarfsemi er tiltölulega lítil þar sem lífeyrissjóðir á Íslandi sjá alfarið um hlutverk sem er meginhluti starfsemi margra erlendra líftryggingafélaga. Lágmarksgjaldþol það sem tiltekið er í 34. gr. frumvarpsins er algerlega yfirdrifið fyrir starfsemi á dæmigerðu íslensku líftryggingafélagi. Á íslenska líftryggingamarkaðinum eru starfandi tvö líftryggingafélög sem eiga mjög langt í land með að ná iðgjaldaveltu sem nemur því lágmarksgjaldþoli er frumvarpið gerir ráð fyrir. Grundvöllur fyrir starfsemi beggja þessara félaga gjörbreytist ef frumvarpið verður óbreytt að lögum þar sem leggja þarf til þessara félaga verulega fjármuni til þess að standast lágmarksgjaldþol það sem gert er ráð fyrir. Fjárfestar munu hugsa sig mjög vandlega um áður en frekara fé er lagt til félaganna þar sem fjárfesting til þess að auka eigið fé í lágmarksgjaldþol er vart réttlæt看leg þegar miðað er við eðlilegar arðsemiskröfur af fjárfestingu.

Það sem þetta þýðir með öðrum orðum er að lágmarksgjaldþol samkvæmt frumvarpinu er orðið það hátt að félögin þurfa að margfaldast að stærð til þess að eigið fé þeirra verði í einhverjum samræmi við iðgjaldaveltu og umsvif. Að hafa árlega iðgjaldaveltu á bilinu ISK 100- 200 milljónir en eigið fé milli ISK 400 og 500 milljónir er eins og að nota 10 tonna vörubíl til þess að keyra litlar bréfasendingar.

Lágmarksgjaldþol skv. gildandi lögum er ISK 255.000.000.- og áætlanir Varðar líftrygginga hf. miðast við þá fjárhæð. Það væri afar heppilegt ef þetta lágmarksgjaldþol gæti staðið áfram óbreytt fyrir líftryggingafélag sem stundar starfsemi sína eingöngu á Íslandi.

**3.** Í 32. gr. frumvarpsins eru ákvæði um svokallað reiknað gjaldþol skaðatryggingafélaga. Er um að ræða tiltölulega flókna útreikninga byggða á iðgjöldum og tjónum skaðatryggingafélags. Markmið þessara reglna er að ákvarða hve mikið eigið fé váttryggingafélag þarf að hafa til þess að standa undir váttryggingaskuldbindingum sem á félaginu hvíla. Erlendis er sumstaðar heimilt að draga frá iðgjöld og tjón til endurtryggjanda þegar þessi útreikningur er gerður. Það þýðir að minni váttryggingafélög geta gert tiltekna tegundir endurtryggingasamninga til þess að auka gjaldþol sitt. Þau fá í raun „lánað“ gjaldþol stærri váttryggingafélaga eða endurtryggingafélaga. Heimild til þessa er sveigjanleiki sem getur komið sér ákaflega vel í rekstri váttryggingafélaga, sérstaklega þeirra sem eru minni eða eru að byggja sig upp á markaðinum.

Samkvæmt framansögðu endurspeglar athugasemdir Varðar trygginga hf. þann veruleik að félagið hefur undanfarin 6 ár veitt grónum váttryggingafélögum á markaðinum verðuga samkeppni. Allan þann tíma hefur félagið verið nálægt gjaldþolsmörkum. Það er mat félagsins að herðing á gjaldþolsreglum geri það nær ómögulegt að hefja samkeppni á íslenska váttryggingamarkaðinum eða að stofna og reka lítið váttryggingafélag. Það er ekki heppilegt fyrir eðlilega samkeppni á íslenska markaðinum. Það er ennfremur mat félagsins að hægt eigi að vera að gera þessar reglur úr garði þannig að þær séu mildaðar frá því sem ráð er fyrir gert í frumvarpinu, án þess að það komi niður á öryggi viðskiptavina um fjárhagslegan styrk váttryggjanda.



Í tilefni af því að mál þetta varðar samkeppnisstöðu á váttryggingamarkaði er Samkeppniseftirlitinu sent afrit þessa bréfs.

Virðingarfyllt,  
f.h. Varðar trygginga hf.

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Valdemar Johnsen", written over a horizontal line.

Valdemar Johnsen hdl.  
forstöðumaður viðskiptapróunar